



Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík




2002





Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík 2002



Hlutfall reksturs fræðslumála
af heildarrekstri málaflokka
Reykjavíkur árið 2002.
Héimild: Borgarbókhald



Efnisyfirlit



Ávarp formanns fræðsluráðs	7
Sjónarhorn fræðslustjóra	9
1 Fræðsluráð Reykjavíkur	12
Fulltrúar í fræðsluráði	12
Samþykkt fyrir fræðsluráð	13
Skipurit fræðslumála	14
2 Fræðslumiðstöð Reykjavíkur	15
Skrifstofa fræðslustjóra	16
Próunarsvið	17
Fjármálasvið	19
Þjónustusvið	20
Skólasafnamiðstöð	24
Erlend samskipti	25
Viðburðir og formlegar opnanir	25
3 Grunnskólar Reykjavíkur	
Skólar, skólaárið, nemendur og starfsmenn	26
Fjöldi skóla og hverfaskipting	26
Fjöldi skóladaga og kennslustunda	29
Nemendafjöldi	29
Starfsmenn grunnskóla	31
4 Starfsemi grunnskóla	
Áherslur í starfsáætlun 2002	38
a) Kennsluhættir - einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda	38
b) Skóli án aðgreiningar	44
c) Náin tengsl við grenndarsamfélagið	50
d) Sjálfstæði skóla - stjórnun - eftirlit	55
e) Jafnræði í umgjörð skólastarfsins	56
5 Listaskólar og fullorðinsfræðsla	63
Skólahljómsveitir	63
Listaskólar	64
Námsflokkar Reykjavíkur	65
6 Styrkir og verðlaun	66
Almennir styrkir fræðsluráðs og styrkir	
úr Próunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur	66
Barnabókarverðlaun fræðsluráðs Reykjavíkur	67
Styrkir frá öðrum aðilum	68
7 Ársreikningur	
fræðslumála í Reykjavík árið 2002	69
8 Útgáfur árið 2002	72
9 Grunnskólar Reykjavíkur - yfirlit	73



Ávarp formanns fræðsluráðs



Skólinn skiptir höfuðmáli í samfélagsþróun á Íslandi þessi hröðu umbreytingaár eftir aldamótin. Þekking, símenntun, upplýsing, hæfni, sveigjanleiki - þessi eru einkenni hinnar nýju menntastéttar sem nú þarf að kalla til forystu alls staðar þar sem samfélög vilja vera í forystu í sókn til betra lífs. Ungu Ísland þarf að fá tækifæri til að eflast og þroskast á þann hátt að standist samjöfnuð við það besta í heiminum. Skólinn þarf því sjálfur að þróast, hraðar og markvissar en aðrar stofnanir samfélagsins, eigi hann að valda því hlutverki sínu að móta og vera í forystu.



Sem formaður fræðsluráðs í rúmlega eitt ár hef ég sannfærst um þrennt:

Grunnskólinn í Reykjavík er í mikilli sókn og þakka ber þann eldmóð og áhuga sem skólafólk og forráðamenn barna sýna.

Grunnskólinn í Reykjavík þarf að gera enn betur. Við hreyfumst of hægt miðað við þá fleygiferð sem nú er á öllum þáttum samfélagsins.

Og í þriðja lagi er mér fullljóst að skólinn verður í æ ríkari mæli í brennidepli samfélagsumræðunnar og bitbein í pólitískum átökum.

Allt þetta vísar á eina braut: Skólafólk, sem býr yfir mestri þekkingu og reynslu, þarf að taka þátt í umræðunni um skólamál. Sýna hvað í skólanum býr, sanna hvers hann er megnugur, taka þátt í samræðu um stórt og smátt sem varðar menntun grunnskólabarna. Og það verður að vera reiðubúið að laga sig sífellt að nýjum aðstæðum og sanna með eigin verkum að það þekkir og skilur kröfur upplýsingasamfélagsins.

Hinar pólitísku áherslur í fræðsluráði eru skýrar: Við viljum öflugt almennt skólakerfi sem býður öllum börnum jöfn tækifæri. Við teljum að í sívaxandi mæli verðum við að mæta nemendum með einstaklingsmiðuðu námi. Við teljum að hverfissskólinn sé mikilvæg menningarstofnun þar sem menntir, listir, samfélags- og grenndarvitund mætast. Fræðin ein og sér nægja ekki einstaklingi ef hann á ekki rætur í samfélagi. Borgin okkar er góð, skólar hennar líka og börnin sem þá sækja einkar efnileg. Tækifærið er stórt. Grípum það!

Stefán Jón Hafstein



Sjónarhorn fræðslustjóra



Eftirminnilegasti áfanginn í skólasögu Reykjavíkur á árinu 2002 var óneitanlega að þeir þrír skólar sem enn voru tvísetnir við upphaf ársins urðu einsetnir, en á árinu 2001 kom lenging skóladagsins samkvæmt grunnskólalögum frá 1995 að fullu til framkvæmda. Merkur áfangi á árinu var einnig þegar mörkuð var framtíðarsýn til 10 ára um helstu þætti skólasterfsins með starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík fyrir árið 2002. Þetta var einnig fyrsta heila árið sem nýr kjarasamningur kennara frá 2001 var í gildi en samningurinn bætti kjör kennara verulega, vinnuramminn varð sveigjanlegri og skólaárið lengdist. Þessir þættir, ásamt auknu sjálfstæði skóla og styrkingu í stjórnun skólanna með ráðningu millistjórnenda á árunum 1999 til 2001 eru án efa áfangar sem lagt hafa grunn að miklum breytingum á starfi grunnskóla við aldamótin. Í kjölfar þessara breytinga og með skýra stefnumörkun borgarinnar í skólamállum að leiðarljósi leyfi ég mér að segja að hafin sé hljóðlát bylting í starfsháttum grunnskóla Reykjavíkur. Þessar breytingar hafa orðið til þess að við getum með fullri reisn sagt að grunnskólar borgarinnar séu í hópi bestu skóla utan lands sem innan, en það leiðarljós var fyrst sett í starfsáætlun fræðslumála árið 1998. Það er mikilvægt skref fyrir börn og unglinga í borginni og skiptir miklu máli fyrir framtíð þeirra og samfélagið allt.

Einsetning grunnskóla skapaði ný tækifæri

Á árinu kom út sögulegt yfirlit yfir einsetningu grunnskóla Reykjavíkur á árunum 1994 til 2002 sem gefið var út af Fasteignastofu Reykjavíkurborgar og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Bókin geymir dýrmæta sögu um umfangsmikið byggingaáttak sem tókst að koma í framkvæmd á tilsettum tíma. Á árinu hófst síðan undirbúningur að nýrri framtíðaráætlun um byggingamál grunnskóla Reykjavíkur.

Einsetning grunnskólanna var forsenda þess að unnt væri að lengja skóladag nemenda á yngri barna stigi og miðstigi, en umræðan um einsetna skóla og lengri skóladag hafði staðið lengi. Engum blandast hugur um að lengri skóladagur sem gefur möguleika á fjölbreyttara og umfangsmeira starfi kemur nemendum vel á því mikilvæga þroskastigi sem grunnskólaárin eru. Einsetning skólanna skiptir einnig miklu máli vegna möguleika á ýmiss konar starfsemi í skólunum síðdegis, svo sem fjölbreyttu tólmstundastarfi fyrir nemendur en ekki síður fyrir aðra íbúa hverfisins.

Samfélagsbreytingar á síðari áratugum 20. aldar, bæði hvað varðaði atvinnuhætti og fjölskyldur, höfðu í för með sér umræðu um breytt hlutverk grunnskólans, einkum í þá átt að auka hlut hans í fræðslu og uppeldi æskunnar. Með lengingu skóladagsins getur skólinn sinnt hlutverki sínu betur og vinnudagur nemenda í skóla samsvarar betur vinnutíma beggja foreldra utan heimilis. Í könnun á vegum menntamálaráðuneytisins árið 1989 um áherslur í skólamállum voru ýmsir aðilar beðnir að tilgreina tíu forgangsverkefni á grunn- og framhaldsskólastigi. Hátt á fjórða þúsund svarenda nefndu um 60 málaflokka. Efst á þeim lista var einsetinn skóli og lengri skóladagur yngstu nemenda.

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skóladagur nemenda á yngri barna stigi skuli vera nokkru styttri en annarra. Reykjavíkurborg ákvað á árinu að jafna þennan mun og lengja skóladag nemenda í 2.-4. bekk í áföngum þannig að hann yrði sambærilegur við skóladag nemenda á miðstigi.

Jákvæð áhrif nýs kjarasamnings kennara

Síðustu kjarasamningar kennara við Launanevnd sveitarfélaga í landinu voru á margan hátt tímamótasamningar. Mikilvægasta skrefið var að sjálfsögðu að kjör kennara bötnuðu umtalsvert en kennarar höfðu um langa hríð búið við verri kjör en sambærilegar stéttir í landinu, sem meðal annars varð til þess að erfitt var að manna skólana um árabíl. Það var ánægjulegt að fylgjast með jákvæðum áhrifum samningsins á árinu 2002. Þar má nefna aukna faglega umræðu, þróunarstarf og aukið samstarf kennara einkum vegna þess að skólastjóri getur nú skipulagt stærri hluta af vinnutíma kennara en áður. Umbunarkerfi, ákvæði um símenntunaráætlanir og skilgreining á stjórnunarstöðu skólastjóra skiptu einnig miklu máli. Eg trúir því að samningurinn hafi styrkt sjálfsmynd kennara og það kemur nemendum tvímælalaust til góða. Mikilvægt er fyrir skólastarfið og nám nemenda að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð var með samningnum frá 2001.

Starfsáætlun fræðslumála vísar veginn

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík sem komið hefur út síðan árið 1997 og er stefna Reykjavíkur í fræðslumálum hefur án efa haft mikil og jákvæð áhrif á þróun skólamála í Reykjavík. Hún skerpir sýn og er skólunum dýrmætt leiðarljós í starfi. Fjöldi aðila kemur að gerð áætlunarinnar árlega, kennarar, foreldrar og skólastjórnendur, auk fræðsluráðs og starfsmanna á Fræðslumiðstöð. Á undanförunum árum hefur hún þróast í að ná yfir fimm meginmarkmið um grunnskólann í Reykjavík. Þau eru einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda, skóli án aðgreiningar, nán tengsl skóla og grenndarsamfélags, sjálfstæði skóla og styrk stjórnun skóla og loks jafnræði í umgjörð skólastarfsins. Á grunni framtíðarsýnar til 10 ára um fimm meginþætti eru sett markmið til þriggja ára og mörkuð skref til að stíga á árinu, auk þess sem kynnt er skorkort fræðslumála sem byggir á stefnunni og gefur til kynna hvernig miðar í framkvæmdinni. Í kafla fjögur í þessari ársskýrslu má lesa hvaða áfangar hafa náðst á árinu í átt til þessara langtímamarkmiða. Skólarnir móta sér síðan eigin stefnu á grunni stefnumörkunar borgarinnar, grunnskólalaga og aðalnámskrár.

Kennsluhættir eru að breytast

Við flutning grunnskólans til sveitarfélaganna var ákveðið að símenntun kennara skyldi áfram vera í höndum ríkisins. Engu að síður hefur Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög lagt fram umtalsvert fé til símenntunar kennara allt frá því þau tóku við rekstri grunnskólanna. Á árinu var framlagi borgarinnar til símenntunar kennara dreift til skólanna með öðrum fjárframlögum til þeirra sem lið í dreifstýringu og auknu sjálfstæði skóla. Skólaárið 2002-2003 var ráðinn starfsmaður í hálfstarf á Fræðslumiðstöð til að veita skólum ráðgjöf um gerð símenntunaráætlana. Í kjölfar þessa hafa nánast allir grunnskólar Reykjavíkur gert sér áætlun um símenntun starfsmanna sinna. Þessar ráðstafanir hafa hleypt nýju blóði í námskeiðahald á vegum skólanna sem einkum fjalla um kennsluhætti. Fræðslustjóri heimsótti á árinu kennarafundi í um helmingi skólanna og ræddi við kennara um þróun kennsluhátta og breytingar á skólastarfi.

Á árinu bættust við þrjú nýir móðurskólar og eru tveir þeirra móðurskólar í breyttum kennsluháttum og sá þriðji í fjölmenningslegri kennslu og voru þá ellefu móðurskólar starfandi í borginni.

Stefna Reykjavíkurborgar um sérkennslu með skóla án aðgreiningar sem framtíðarsýn kom út í byrjun árs 2002 og fór framkvæmd hennar á fullt skrið á árinu. Ákveðið var að hún kæmi til framkvæmda í áföngum í hverjum



borgarhluta fyrir sig. Í lok ársins 2002 voru helstu skipulagsþættir stefnunnar komnir til framkvæmda í Grafarvogi, Breiðholti og Árbæjarhverfi. Á árinu hófst vinna við ítarlega skilgreiningu á þörf mikið fatlaðra nemenda fyrir sérstuðning og verður hún notuð sem grunnur að úthlutun fjármagns til skóla vegna þessa nemendahóps og sem grunnur að þjónustulýsingum sem gerðar verða vegna hvers nemanda. Á árinu hófst einnig áttak í þjálfun kennara í atferlisgreiningu og atferlismótun til að stuðla að betri árangri í aðstoð við nemendur í atferlislívanda. Þetta voru mikilvægir áfangar.

Þegar við höfum náð því marki að nám nemenda miðar við stöðu og áhuga hvers og eins og byggir á einstaklingsbundnum áætlunum, sem unnar eru í samvinnu nemenda, kennara þeirra og foreldra, verður óþarfi að tala um sérkennslu. Áætlanir nemenda verða mismunandi og þar kemur fram hvers konar og hve mikinn stuðning hver og einn fær. Á hverju ári tökum við ákveðin skref í átt að þessari framtíðarsýn.

Kennarastarfið á krossgötum

Segja má að kennarastarfið standi nú á krossgötum. Miklar breytingar eru að verða á skólastarfi og þar með starfi kennara. Megin breytingarnar felast í aukinni áherslu á einstaklingsmiðað nám og möguleikum tölvutækninnar. Það er mikil breyting að fara í meira mæli en áður að hugsa um námsframvindu og viðfangsefni hvers einstaklings í stað bekkjar sem heildar og gera áætlanir fyrir einstaklinga eða litla hópa í samvinnu við nemendur sjálfa, auk þess að sinna fötluðum nemendum í bland við ófatlaða. Það er einnig talsverð breyting að hafa nú augu umhverfisins á sér í starfi sínu í mun meira mæli en áður.

Kennarar í Reykjavík búa við góðar vinnuáðstæður. Um ellefu nemendur eru að baki hvers kennara þegar allir kennarar eru taldir. Það er með því lægsta sem þekktist í heiminum í borgum og bæjum. Í borginni eru glæsilegar skólabyggingar og vel búnar. Skólarnir eiga kost á stuðningi á mörgum sviðum og laun og kennsluskylda kennara eru samanburðarhæf við nágrannalönd okkar.

Hlutverk höfuðborgarinnar mikilvægt

Eftir flutning grunnskólans til sveitarfélaganna blandast engum hugur um að hlutverk Reykjavíkur sem stærsta sveitarfélagsins og höfuðborgar landsins er stórt hvað varðar þróun grunnskólans. Borgin á að vera í fararbroddi og hún er það. Vegna stærðarinnar og þar með meiri möguleikum á margs konar sérfræðivinnu getur borgin þróað hugmyndir og unnið margs konar þróunar- og tilraunastarf sem gagnast öðrum sveitarfélögum í landinu. En við getum einnig lært af öðrum sveitarfélögum bæði innan lands og utan, því er það fastur liður í samstarfi fræðslustjóra og skólastjóra í Reykjavík að sækja árlega annað sveitarfélag í landinu heim og fara í kynnisferð til útlanda og kynna þvi besta sem gerist.

Nemendum fjölgaði enn í Reykjavík á árinu eða um rúmlega eitt hundrað og var heildarfjöldi nemenda haustið 2002 um 15.500 í 44 skólum. Starfsmenn skólanna voru um 2.340 á sama tíma. Heildarvelta fræðslumála var rúmlega 8 milljarðar króna, sbr. ársreikning sem hér birtist. Hlutfall reksturs fræðslumála af heildarrekstri málaflokka Reykjavíkurborgar var um 32%. Segja má að stærstu skólarnir séu í hópi stærstu fyrirtækja í landinu. Þeir eru með um sex til átta hundruð nemendur, velta yfir 300 milljónum króna á ári og eru með allt að eitt hundrað starfsmenn.

Nýtt fræðsluráð tók til starfa á árinu eftir borgarstjórnarkosningar vorið 2002 og komu allir aðalmenn nýir til starfa. Fyrra fræðsluráði undir forystu Sigrúnar Magnúsdóttur er þakkað gott samstarf og nýtt fræðsluráð undir forsæti Stefáns Jóns Hafstein boðið velkomu til starfa.

Gerður G. Óskarsdóttir

1 Fræðsluráð Reykjavíkur

Fræðsluráð Reykjavíkur fer með yfirstjórn fræðslumála í Reykjavík í umboði borgarstjórnar. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur annast stjórnsýslu fræðsluráðs. Borgarráð staðfesti nýja samþykkt fyrir fræðsluráð í apríl 2002 sem var endurskoðuð 7. nóvember 2002.

Frá áramótum og fram að kosningum í lok maí starfaði fræðsluráð undir formennsku Sigrúnar Magnúsdóttur en í kjölfar kosninga tók nýtt fræðsluráð til starfa undir forystu Stefáns Jóns Hafstein. Á árinu 2002 voru haldnir 20 fundir í fræðsluráði Reykjavíkur.

Fulltrúar í fræðsluráði

Fyrri hluta árs voru aðalmenn í fræðsluráði:

Sigrún Magnúsdóttir, formaður
Hrannar B. Arnarsson, varaformaður
Sigrún Elsa Smáradóttir
Guðlaugur Þór Þórðarson
Guðrún Pétursdóttir

Varamenn:

Guðrún Erla Geirsdóttir
Arngrímur Viðar Ásgeirsson
Árni Þór Sigurðsson
Bryndís Þórðardóttir
Margrét Theódórsdóttir


Áheyrnarfulltrúar:

Hannes Kr. Þorsteinsson,
Kennarafélagi Reykjavíkur

Elín Vigdís Ólafsdóttir,
Kennarafélagi Reykjavíkur

Erna M. Sveinbjarnardóttir
/Ellert Borgar Þorvaldsson,
Skólastjórafélagi Reykjavíkur

Óskar Ísfeld Sigurðsson, Samfok,
Sambandi foreldrafélaga
og foreldraráða í grunnskólum
Reykjavíkur.



Síðari hluta árs voru aðalmenn í fræðsluráði:
Stefán Jón Hafstein, formaður
Vigdís Hauksdóttir
Katrín Jakobsdóttir
Guðrún Ebba Ólafsdóttir
Hanna Birna Kristjánsdóttir

Varamenn:

Sigrún Elsa Smáradóttir
Jóhann M. Hauksson
Steinunn Birna Ragnarsdóttir
Marta Guðjónsdóttir
Þorbjörg Vigfúsdóttir

Áheyrnarfulltrúar:

María Pálmadóttir,
Kennarafélagi Reykjavíkur

Elín Vigdís Ólafsdóttir,
Kennarafélagi Reykjavíkur

Þórður Kristjánsson,
Skólastjórafélagi Reykjavíkur

Bergþóra Valsdóttir, Samfok,
Sambandi foreldrafélaga
og foreldraráða í grunnskólum
Reykjavíkur.

Fræðslustjóri og forstöðumenn sviða Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur sátu fundi fræðsluráðs, auk skrifstofustjóra sem ritaði fundargerðir.

Samþykkt fyrir Fræðsluráð Reykjavíkur

Samþykkt í borgarstjórn 7. nóvember 2002

1. gr.

Fræðsluráð Reykjavíkur fer, í umboði borgarráðs, með málefni grunnskóla eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, sbr. einnig lög um grunnskóla nr. 66/1965, 37. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, sbr. einnig 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Þá fer ráðið með önnur fræðslumál á verksviði borgarinnar svo fremi að þau séu ekki öðrum falin.

2. gr.

Fræðsluráð mótar stefnu í málefnum grunnskóla og annarra fræðslustofnana sem undir það heyrar og gerir tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með því að samþykktum þess og stefnumörkun í viðkomandi málaflokki sé fylgt.

3. gr.

Fræðsluráð hefur eftirlit með að framfylgt sé lögum um grunnskóla nr. 66/1995 og ákvæðum 37. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.

Það sér um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Ráðið staðfestir áætlanir um starfstíma nemenda ár hvert.

Fræðsluráð fylgist með og stuðlar að því að grunnskólum, á vegum borgarinnar, sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu og fullnægjandi húsnæði til skólastarfs og að annar aðbúnaður sé fyrir hendi.

Þá hefur ráðið eftirlit að því er varðar skólahljómsveitir og fullorðinsfræðslu á vegum Reykjavíkurborgar.

Ráðið hefur eftirlit með faglegu starfi einkaskóla sem styrktir eru af borginni, þ.e. grunnskólum, tónlistarskólum og myndlistarskólum.

4. gr.

Ráðið gerir tillögu til borgarráðs um byggingu nýrra grunnskóla.

5. gr.

Fræðsluráð skal stuðla að samstarfi grunnskóla og leikskóla.

6. gr.

Fræðsluráð er svo skipað að í því eiga sæti fimm menn kosnir af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Borgarstjórn kys formann úr hópi kjörinna fulltrúa og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil þess er hið sama og borgarstjórnar.

Ráðið getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Ákvörðun um skipun undirnefndar skal tilkynna borgarráði.

7. gr.

Fræðslustjóri eða staðgengill hans skal sitja fundi fræðsluráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Fulltrúar skólustjóra, kennara og foreldra eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, sbr. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 66/1995.

Jafnframt eiga skólustjóri eða aðstoðarskólustjóri í forföllum hans rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, þegar fjallað er sérstaklega um málefni viðkomandi skóla, sbr. 6. mgr. 13. gr. laga nr. 66/1995.

Sviðsstjórar Fræðslumiðstöðvar eiga rétt til setu á fundum ráðsins þegar fræðsluráð eða fræðslustjóri óska þess.

Jafnframt getur ráðið boðað aðra þá til fundar sem það telur þörf á hverju sinni.

8. gr.

Ráðið heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi. Fræðsluráð getur haldið fundi opna almenningi.

9. gr.

Formaður fræðsluráðs boðar til fundar og ákveður dagskrá í samráði við fræðslustjóra eða staðgengil hans. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um fundarsköp fer eftir samþykktum um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 16/1985 með síðari breytingum eftir því sem við á.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara.

10. gr.

Borgarráð ræður fræðslustjóra að fenginni tillögu fræðsluráðs til fimm ára í senn.

Fræðsluráð ræður skólustjóra grunnskóla skv. heimild 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig 23. gr. grunnskólalaga nr. 66/1965. Fræðsluráð getur vísað slíkum málum til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af 1/3 nefndarmanna hið fæsta.

Telji einhver umsækjenda rétti sínum hallað með ákvörðun fræðsluráðs um ráðningu skólustjóra er honum heimilt að skjóta máli sínu til borgarráðs. Þessi málskotsréttur takmarkar þó ekki almennan málskotsrétt skv. lögum. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar fræðsluráðs.

Skólustjóri ræður aðstoðarskólustjóra að fengnu samþykki fræðsluráðs.

Fræðsluráð leitar álits kennararáða viðkomandi skóla og umsagnar fræðslustjóra vegna ráðningar skólustjóra og aðstoðarskólustjóra.

Fræðslustjóri ræður sviðsstjóra á Fræðslumiðstöð að höfðu samráði við ráðið.

11. gr.

Borgarráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins vegna fjárhagsáætlunar næsta árs.

Fræðsluráð felur fræðslustjóra að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun ráðsins. Fræðsluráð afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu. Formaður fræðsluráðs og fræðslustjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun. Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja.

12. gr.

Formaður fræðsluráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á.

Fræðslustjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, þ.m.t. fjármálum og starfsmannamálum og á framkvæmd ákvarðana ráðsins.

13. gr.


Samþykkt þessi öðlast gildi með samþykkt borgarstjórnar 7. nóvember 2002.

Skipurit fræðslumála

Skipurit fræðslumála lýsir skipan fræðslumála innan borgarkerfisins.


Mynd 1.1

Skipurit fræðslumála á vegum Reykjavíkurborgar



Mynd 1.2

Skipurit Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur



2 Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Hlutverk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur er að annast, í umboði fræðsluráðs, framkvæmdastjórn fræðslumála á vegum Reykjavíkurborgar. Haustið 2002 heyrðu 40 grunnskólar undir Fræðslumiðstöð, þar af 6 sérskólar en undir lok ársins var lokið undirbúningi að samruna tveggja skóla, Hlíðaskóla og Vesturhlíðaskóla, sem tók gildi 1. september 2002. Þar með fækkaði sérskólum niður í 5 og heildarfjöldi skóla varð 39. Auk þessa heyrðu undir Fræðslumiðstöð fjórar skólahljóm-sveitir, starfandi hver í sínum borgarhluta, og Námsflokkar Reykjavíkur. Þá sá Fræðslumiðstöð einnig um fastar fjárveitingar til fimm einkaskóla á grunnskólastigi, 15 tónlistarskóla sem störfuðu á öllum skólastigum og eins myndlistarskóla. Fræðslumiðstöð hafði einnig umsjón með styrkveitingum fræðsluráðs á sviði menntamála. Að auki heyrði rekstur skóladagvistar fyrir yngri árganga í hluta grunnskólanna í borginni undir Fræðslumiðstöð en á árinu hófst samstarf við ÍTR um yfirtöku þessa þáttar og stofnun frístundaheimila.

Starfsemi Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur skiptist niður á þrjú svið: Þróunarsvið, þjónustusvið og fjármálasvið og skrifstofu fræðslustjóra.

Meginhlutverk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur

Meginhlutverk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur er:

- að hafa með höndum yfirstjórn skólamála í Reykjavík;
- að vera faglegt forystuafl í skólumálum borgarinnar og undirbúa stefnumótun fræðsluráðs um starfsemi og uppbyggingu grunnskóla;
- að sjá til þess að lögum og reglugerðum um grunnskóla svo og

ákvörðunum borgaryfirvalda í fræðslumálum sé framfylgt í borginni;

- að skipta fjármunum milli grunnskóla borgarinnar og hafa eftirlit með nýtingu fjármagns;
- að veita grunnskólum Reykjavíkur og öðrum menntastofnunum sem styrktar eru af borginni faglega og fjárhagslega ráðgjöf og þjónustu;
- að hafa yfirsýn yfir skólastarf í Reykjavík og þær hugmyndir sem eru á döfinni um þróun þess;
- að veita stofnunum borgarinnar og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um fræðslumál og taka þátt í verkefnum á vegum borgarinnar sem tengjast fræðslumálum.

Samþykkt af fræðsluráði 10. október 2000.

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík er gefin út árlega af Fræðslumiðstöð. Áætlunin er unnin í víðtæku samstarfi fræðsluráðs og starfsmanna Fræðslumiðstöðvar við skólastjórnendur, kennara og foreldra. Fræðslustjóri ritstýrir útgáfunni (sjá kafla 4). Ársfjórðungslega leggur Fræðslumiðstöð yfirlit yfir framvindu starfsáætlunar fyrir fræðsluráð.

Stjórnendur á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur á árinu 2002

- Dr. Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri
- Runólfur Birgir Leifsson, forstöðumaður fjármálasviðs, staðgengill fræðslustjóra
- Arthur Morthens, forstöðumaður þjónustusviðs
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður þróunarsviðs
- Guðmundur Þór Ásmundsson, skrifstofustjóri á skrifstofu fræðslustjóra



- Dagný Leifsdóttir, deildarstjóri fjárhags- og launadeildar
- Júlíus Sigurbjörnsson, deildarstjóri rekstrardeildar
- Stephen P. Bustos, deildarstjóri fjármálastjórnunar
- Birna Sigurjónsdóttir, deildarstjóri kennsludeildar
- Hákon Sigursteinsson, deildarstjóri sálfræðideildar
- Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri
- Jón Ingvar Valdimarsson, deildarstjóri tölvudeildar, Sigbór Örn Guðmundsson leysti hann af frá 1. ágúst
- Guðrún Hjartardóttir, upplýsingafulltrúi

Forstöðumaður Skólasafnamiðstöðvar er Margrét Björnsdóttir.

Skrifstofa fræðslustjóra

Á skrifstofu fræðslustjóra starfa, auk fræðslustjóra, skrifstofustjóri, sem er aðstoðarmaður fræðslustjóra, starfsmannastjóri, upplýsingafulltrúi, ráðgjafi um samstarf foreldra og skóla og ritari fræðslustjóra.

Starfsmenn skrifstofu fræðslustjóra

Fræðslustjóri er framkvæmdastjóri fræðslumála á vegum Reykjavíkurborgar og vinnur að stefnumörkun og mótun framtíðarsýnar í málefnum grunnskóla. Hann tekur við erindum sem berast fræðsluráði og undirbýr fundi þess ásamt formanni. Fræðslustjóra ber einnig að vinna að því að þjónusta við nemendur, foreldra þeirra, kennara og skjólastjórnendur sé í samræmi við lög og stefnu borgarinnar og fylgjast með væntingum í þeim efnum. Hann sér til þess að skólastjórar fái stuðning í starfi, svo sem með ráðgjöf um stjórnun, starfsmannamál, foreldrasamstarf og almannatengsl, og auk þess með símenntunartilboðum, sameiginlegum fundum og starfs-

mannasamtölum. Fræðslustjóri stýrir daglegu starfi Fræðslumiðstöðvar og hefur forystu og frumkvæði um uppbyggingu hennar og skipulag og sér til þess að starfsáætlunum og stefnumörkun sé framfylgt. Þá annast fræðslustjóri samskipti út á við, svo sem við yfirstjórn borgarinnar, aðrar borgarstofnanir, fræðsluskrifstofur í öðrum sveitarfélögum og við aðila erlendis.

Hlutverk ritara fræðslustjóra er meðal annars að hafa yfirlit yfir erindi sem berast fræðslustjóra, sjá um bréfaskriftir og skjalastýringu, undirbúa fundi og skipuleggja viðtalstíma fræðslustjóra.

Skrifstofustjóri er ritari fræðsluráðs og undirbýr fundi og fylgir eftir ákvörðunum ráðsins ásamt fræðslustjóra. Hann deilir út erindum sem berast fræðsluráði og fræðslustjóra til annarra starfsmanna og fylgist með afgreiðslu þeirra, auk þess sem hann er tengiliður fræðslustjóra við skólastjóra.

Upplýsingafulltrúi sér meðal annars um samskipti við fjölmiðla, hefur umsjón með heimasíðu, útgáfu fréttabréfs og ársskýrslu, auk þess sem hann kemur að undirbúningi viðburða og veitir upplýsingar út á við um starfsemi Fræðslumiðstöðvar og grunnskólastarf almennt.


Starfsmannastjóri starfar að ráðningum og starfsþróun, veitir ráðgjöf varðandi túlkun kjarasamninga og úrlausn einstaklingsmála, hefur samskipti við stéttarfélög og sér um símenntun. Vinnustaðagreining var gerð vorið 2002. Á grunni hennar voru gerðar áætlanir um ýmsa þætti til að bæta vinnuumhverfi starfsmanna, m.a. var undirbúin ráðning mannauðsráðgjafa, leitað eftir samstarfi við trúnaðarlækni borgarinnar og ákveðið að taka þátt í kostnaði vegna líkamsræktar starfsmanna. Haustið 2002 hófst sérstakt átak í ráðgjöf við skólana um gerð símenntunaráætlana sem standa mun í eitt ár.





Mynd 2.1

Skráð mál hjá ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla 1997-2002



Tafla 2.1

Einstaklingmál sem bárust ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla 2002

Tilefni	Frá foreldrum	Frá skólum	Samtals
Agamál		21	21
Ávana- og fíkniefni	1	2	3
Einelti	19	1	20
Félagslegir erfiðleikar	4	11	15
Fjarvistir/Léleg skólasókn		27	27
Geðræn vandamál	4	9	13
Misþroski	10	2	12
Námserfiðleikar	6	7	13
Óánægja með skóla	49		49
Skipt um skóla		7	7
Samtals	93	87	180

Tafla 2.2

Fjöldi mála sem bárust ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla eftir skólastigum og tilvísunaraðila árið 2002

Skólastig	Frá foreldrum	Frá skólum
Yngri barna stig 1.-4. bekkur	23	4
Miðstig 5.-7. bekkur	29	22
Unglingastig 8.-10. bekkur	41	61
Samtals	93	87

Ráðgjafi um samstarf foreldra og skóla sinnir einkum málefnum einstakra barna sem til hans er vísað, bæði frá foreldrum og skólum, sem ekki hefur tekist að leiða til lykta á vettvangi skólans. Meirihluti málanna vörðudu unglunga. Auk þess leitar fjöldi foreldra til ráðgjafans með fyrirspurnir sem varða nemendur og kennslu almennt (mynd 2.1 og töflur 2.1 og 2.2).

Á árinu hóf Fræðslumiðstöð ásamt Fasteignastofu Reykjavíkurborgar undirbúning að nýrri fimm ára áætlun um húsnæði grunnskóla Reykjavíkur. Starfsmaður í 50% starfi á Fræðslumiðstöð vann að þessu verkefni á haustönn 2002.

Þróunarsvið

Helstu hlutverk þróunarsviðs eru að safna og vinna úr gögnum um skólastarf og skipuleggja upplýsinga- og samskiptatækni á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, auk áætlanagerðar og rannsóknavinnu. Á sviðinu er tölvudeild sem hefur umsjón með tölvuvæðingu skóla og mótar stefnu í tölvumálum í samvinnu við tölvuumsjónarmenn. Á þróunarsviði er unnið úr gögnum um skólastarf í Reykjavík, skipulögð skráning og innritun nemenda og spár gerðar um nemendafjölda. Þar er einnig fylgst með því að börn með lögheimili í Reykjavík uppfylli skólaskyldu. Rannsóknir og kannanir Fræðslumiðstöðvar eru í umsjón þróunarsviðs. Þar eru gerðar langtímaáætlanir, svo sem um tölvuvæðingu og fleiri þætti í skólastarfi. Þróunarverkefni í grunnskólunum svo sem móðurskólarnir njóta stuðnings þróunarsviðs.

Starfsmenn þróunarsviðs

Starfsmenn þróunarsviðs voru níu á árinu í rúmum átta stöðugildum. Forstöðumaður veitti uppbyggingu og skipulagi þróunarsviðsins forystu. Deildarstjóri tölvudeildar sá um tölvumál grunnskólanna í samvinnu við tölvuumsjónarmenn þeirra en hann fór í ársleyfi í ágústbyrjun. Þrír starfsmenn tölvudeildar sinntu uppbyggingu og tölvuþjónustu við grunnskólana, Fræðslumiðstöð og Námsflokkana. Þrír sérfræðingar á þróunarsviði störfuðu við rannsóknir og tölfraeðiúrvinnslu gagna og nemendaskrárritari hafði umsjón með nemendaskrá. Frá 1. nóvember starfaði einn sérfræðingurinn við aðstoð við innleiðingu nýs Oracle launakerfis í grunnskólunum.

Áherslur árið 2002

- Gerð var ítarleg könnun meðal allra starfsmanna grunnskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar um líðan og viðhorf þeirra til starfs og vinnuástandna. Skýrsla var gefin út undir heitinu „Vinnustaðagreining, maí 2002“. Einnig voru gerðar sérskýrslur fyrir hvern skóla. Gallur sá um framkvæmd.
- Gerð var könnun á viðhorfum foreldra til starfsemi grunnskóla

í Reykjavík. Gefin var úr heildarskýrsla undir heitinu „Könnun á viðhorfum foreldra til starfsemi grunnskóla í Reykjavík“, en einnig voru gerðar sérskýrslur fyrir hvern skóla. Pricewaterhouse-Coopers ehf. sá um framkvæmd.

- Kynntar voru niðurstöður könnunarinnar „Börnin í borginni. Líðan og samskipti í skóla, félagsstarf og tómstundir og vímuefnaneysla: Könnun meðal nemenda í 5.-10. bekk grunnskóla í Reykjavík vorið 2001“. Könnunin var framkvæmd af Rannsóknnum og greiningu ehf.
- Vefkannanaforritið „Outcome“ var tekið í notkun haustið 2002. Með þessu forriti eru kannanir settar út á vefinn eða sendar í tölvupósti til þátttakenda þannig að svörin berast fljótt og örugglega. Einnig auðveldar þetta forrit alla úrvinnslu þar sem ekki þarf að slá inn útkomu kannana eftir á. Outcome var fyrst notað í Vesturbæjarskóla þar sem foreldrar, nemendur, kennarar og skólaliðar voru spurðir um skólamáltíðir.
- Verkefnið „Bráðger börn“ var metið með viðhorfakönnun meðal þátttakenda í samvinnu við þjónustusvið.
- Verkefnið „Skólavinir. Þróunarverkefni í tveimur grunnskólum og tveimur félagsmiðstöðvum í Reykjavík“ var metið með viðhorfakönnun meðal nemenda og viðtölum við starfsfólk. Þetta verkefni var unnið í samvinnu við ÍTR.
- Unnið var úr niðurstöðum úr lesskimunarprófi sem lagt var fyrir nemendur í 2. bekk í grunnskólum Reykjavíkur í apríl en ráðgert er að það próf verði árlega lagt fyrir nemendur í lok 2. bekkjar.
- Gerð var spá um fjölda nemenda í grunnskólum Reykjavíkur til næstu tíu ára, þ.e. til ársins 2012. Spáin var nýtt til grundvallar rýmisáætlun vegna 5 ára áætlunar um skólabyggingar.

- Unnið var að þarfagreiningu vegna upplýsingakerfis fyrir grunnskóla Reykjavíkur ásamt starfshópi sem í eiga sæti forstöðumaður þróunarsviðs, deildarstjóri tölvudeildar og þrír skólastjórnendur, en verkefni starfshópsins eru
1) að móta framtíðarsýn fræðslumála í Reykjavík í notkun upplýsingatækni;
2) að lýsa þeim upplýsingakerfum sem eru í notkun í grunnskólum Reykjavíkur;
3) að gera kröfulýsingu fyrir heildstætt upplýsingakerfi grunnskóla;
4) að meta hvort núverandi upplýsingakerfi geti með aðlögun og þróun fullnægt kröfum og
5) að móta reglur um skráningu upplýsinga í skólum.
- Vinna hófst við að uppfæra netstýrikerfi skólanna og sameina tölvukerfi þeirra í eitt, sem felur m.a. í sér að notendahugbúnaður er settur upp á einum netþjóni í stað 40.
- Hafin var þýðing námsefnis sem á dönsku kallast „Skole-IT-körekort“ en námsefnið er ætlað til þjálfunar kennara í notkun upplýsingatækni í kennslu.

Deildarstjóri tölvudeildar sat fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar í undirbúningshópi vegna víðnetsútboðs.

Forstöðumaður þróunarsviðs sat fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar í stýrihópi borgarstofnana um rannsóknir, í samráðshópi um upplýsingatækni og gagnamál, í sérfræðihópi vegna vals á fyrirspurnartóli fyrir Oracle starfsmanna- og launakerfi og í tæknihópi vegna vinnu við skorkort Reykjavíkurborgar.





Fjármálasvið

Fjármálasvið hefur yfirumsjón með fjármálum fræðslumála í Reykjavík. Helstu verkefni tengjast stefnumörkun, fjárhagsáætlun, launaafgreiðslu, bókhaldi, rekstrarþjónustu, fjárhagseftirliti og ráðgjöf. Sviðið skiptist í þrjár deildir, fjármálastjórnun, fjármálaþjónustu og rekstrarþjónustu. Fjármálastjórnun sinnir einkum verkefnum sem tengjast fjárhagsáætlun, rekstraráætlun, tölfræði og eftirliti með fjármálum. Fjármálaþjónusta skiptist í launadeild og bókhald. Launadeildin annast launaafgreiðslu til allra starfsmanna sem undir fræðslumálin heyra eða alls um 2.500 manns. Bókhaldið sér um bókhaldsþjónustu fyrir alla skóla og aðrar rekstrareiningar innan fræðslumálanna. Rekstrarþjónusta fylgist með viðhaldi húsnæðis skóla og búnaðarmálum, undirbýr útboð og annast miðlæga þjónustu á Fræðslumiðstöð svo sem afgreiðslu, símvörslu og skjalasafn.

Starfsmenn fjármálasviðs

Starfsmenn sviðsins voru 25 á árinu. Forstöðumaður sá um yfirstjórn og samhæfingu á sviðinu. Í fjármálastjórnun voru tveir starfsmenn auk deildarstjóra. Ásamt deildarstjóra er einn starfsmaður sem sinnir fjárhagsáætlunargerð, ýmsum útreikningum og aðstoð við skólastjóra og einn sem annast gerð reikninga og þjónustusamninga. Í fjármálaþjónustu störfuðu 11 starfsmenn. Auk deildarstjóra önnuðust sex starfsmenn launaafgreiðslu og fjórir bókhald. Í rekstrarþjónustu störfuðu 10 starfsmenn. Auk deildarstjóra sáu fjórir starfsmenn um viðhalds- og búnaðarmál, þ.m.t. útboð, einn um skjalavörslu, einn um húsvörslu og þrír unnu við afgreiðslu, símvörslu og ritaraþjónustu.

Áherslur árið 2002

- Reiknireglur vegna úthlutunar almenns kennslumagns voru endurmetnar með hliðsjón af reynslu síðasta árs. Forsendur fjárhagsáætlunar taka nú að fullu mið af nemendafjölda, húsnæðisstærð og ýmsum grunneiningum.

- Reiknilíkan vegna fjárhagsáætlunar var endurbætt og einfaldað nokkuð.
- Skólum var í annað sinn gert að skila rekstraráætlunum til Fræðslumiðstöðvar. Reiknilíkanið fyrir rekstraráætlanir var endurbætt.
- Nýr kjarasamningur kennara (frá síðasta ári) olli áfram miklum önnum hjá launadeild. Einkum fór mikill tími í að keyra viðbótarlaun vegna verkaskiptingar og færni (sbr. gr. 1.3.2 í kjarasamningi LN og KÍ) inn í launakerfið og bakfæra og leiðrétta laun vegna viðbótarlaunaflokka sem ákveðnir voru um haustið.
- Hafin var innleiðing á nýju launakerfi frá Oracle. Hafði það í för með sér að mikill tími fór í námskeið og færslu á gögnum milli kerfa. Einnig var unnið að aðlögun Oracle kerfisins og forritsins Stundvísi sem skólarnir nota m.a. til að skrá vinnu kennara.
- Haldið var málþing um fjármálastjórnun í skólum og metin reynsla af ráðningu sameiginlegra fjármálaráðgjafa nokkurra skóla.
- Haldið var áfram að innleiða samhæft árangursmat (Balanced Scorecard) hjá málaflöknum og var einkum unnið að þróun velgengnisþátta og mælikvarða skorkorts og stefnukorts.
- Þeir skólar sem ekki höfðu mötuneyti voru hvattir til að bjóða nemendum 1.- 4. bekkjar að kaupa aðsendan heitan mat í hádeginu. Sviðið vann með skólunum að þessum þætti og annaðist útboð á matarbökkum í samvinnu við Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar.
- Bókhaldsreglum var breytt þannig að lausafjármunir eru nú að hluta gjaldfærðir á rekstur málaflökksins.
- Unnið var að heildarútboði vegna skólaaksturs.

- Unnið var að útboði vegna skólahúsgagna.
- Unnið var að undirbúningi og skoðun á því hvort hagkvæmt væri og til bóta að taka upp notkun á svokölluðum smartkortum í skólunum. Helst er horft til þess að nemendur noti kortin við matarkaup og skólaakstur. Verkefnið er unnið í samvinnu við ÍTR og Strætó.

Forstöðumaður fjármálasviðs sat í stýrihópum á vegum borgarinnar um samhæft árangursmat og kostnaðargreiningu.


Þjónustusvið

Þjónustusvið veitir kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skóla, nemendum og aðstandendum þeirra kennsluráðgjöf og sálfræðilega þjónustu. Á þjónustusviði eru tvær deildir.

Sálfræðideild sér um sálfræðilega ráðgjöf til starfsfólks skóla sem

Mynd 2.2

Tilvísanir til sálfræðideildar Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur skólaárið 2001-2002, kyn og aldur eftir fæðingarári



Tafla 2.3

Tilvísanir til sálfræðideildar

	1996-1997	1997-1998	1998-1999	1999-2000	2000-2001	2001-2002
Fjöldi tilvísana	681	547	632	681	656	554
Hlutfall drengja	66%	64%	65%	62%	65%	68%
Hlutfall stúlkna	34%	36%	35%	38%	35%	32%

Tafla 2.4

Algengustu ástæður tilvísana - drengir og stúlkur skólaárið 2001-2002

Ástæða	Drengir		Stúlkur		Heildarfjöldi	Hlutfall af heildarfjölda
	Fjöldi	Hlutfall af svörum	Fjöldi	Hlutfall af svörum		
Líðan	46	12%	44	25%	90	16%
Nám	73	19%	36	20%	109	20%
Líðan og nám	27	7%	13	7%	40	7%
Líðan og hegðun	36	10%	12	7%	48	9%
Nám og hegðun	28	7%	8	4%	36	6%
Hegðun	77	21%	29	16%	106	19%
Annað	88	23%	37	21%	125	23%
Alls	375	100%	179	100%	554	100%

og ráðgjöf til foreldra og nemenda. Starf sálfræðinga lýtur að ráðgjöf og stuðningi vegna almenns skólastarfs. Sálfræðingar sálfræðideildar sitja fundi í nemendaverndarráðum skólanna og vinna að verkefnum innan skóla í samræði við skólastjóra og nemendaverndarráð. Þjónusta sálfræðinga felur meðal annars í sér athugun og mat á þroska, hegðun og líðan nemenda samkvæmt niðurstöðum úr viðtölum, sálfræðilegum prófum og bekkjar- og atferlisathugunum. Sem fyrr voru

drengir í meirihluta þeirra sem nutu þjónustu sálfræðinga eða yfir 67% (mynd 2.2 og töflur 2.3 og 2.4).

Kennsludeild hefur að meginmarkmiði að styrkja kennara í starfi með ráðgjöf og fræðslu á sviði náms, kennslu og skólaþróunar. Kennsluráðgjafar kennsludeildar vinna með skólum í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru hverju sinni í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík um innra starf skóla.

Tafla 2.5

Yfirlit yfir ráðgjöf við kennara vegna bekkjarstarfs eftir árgöngum 2002

	Yngsta stig 1.-4. bekkur	Miðstig 5.-7. bekkur	Unglingastig 8.-10. bekkur	Samtals
Fjöldi bekkja	8	14	9	31
Fjöldi heimsókna	24	35	27	86

Tafla 2.6

Kennsluráðgjöf við skóla - efnisflokkar

	Þróun skólastarfs	Móður- skólaverkefni	Samstarfs- verkefni	Sjálfsmat	Faghópar	Samtals
Fjöldi verkefna	24	9	34	6	7	80
Fjöldi funda	110	25	65	11	23	234

Tafla 2.7

Kennsluráðgjöf vegna bekkjarstarfs - fjöldi heimsókna eftir skólum 1998-2002

Skóli	1998	1999	2000	2001	2002
Austurbæjarskóli	1	1	2		
Álftamýrarskóli	4		2		3
Árbæjarskóli	4		1	2	
Ártúnsskóli	1				1
Borgaskóli		1	2	1	1
Breiðagerðisskóli	11	6		1	2
Breiðholtsskóli	2				7
Engjaskóli			1		
Fellaskóli	3	2	3	4	1
Foldaskóli	3	3	1		
Fossvogsskóli		1			
Grandaskóli	1	2		3	11
Hagaskóli					2
Hamraskóli	4	2	1		12
Háteigsskóli	4	4	3		4
Hlíðaskóli	3	1	5		2
Hólabrekkuskóli		1	2		
Húsaskóli	4	1	6		1
Hvassaleitisskóli	1			1	
Ingunnarskóli					2
Klébergsskóli		3	2		
Korpuskóli					
Langholtsskóli	1	3	4		9
Laugalækjarskóli					13
Laugarnesskóli	12	8	3	5	8
Melaskóli		1			12
Réttarholtsskóli				2	
Rimaskóli	4	2	3	2	2
Selásskóli	4		2		3
Seljaskóli	2	2			13
Vesturbæjarskóli			3		2
Víkurskóli					
Vogaskóli	2	1			5
Ölduselsskóli	17	9	1	1	3
Samtals	88	54	47	22	119

Kennsludeild veitir kennsluráðgjöf í einstökum námsgreinum, bekkjar-kennslu, sérkennslu og nýbúa-kennslu. Þar er einnig boðið upp á leiðsögn um þróun kennsluhátta og mat á skólastarfi (töflur 2.5, 2.6, 2.7 og 2.8). Jafnframt er unnið að símenntun kennara í samráði við starfsmannastjóra Fræðslumiðstöðvar, skólastjóra og kennara. Kennsluráðgjafar meta skólanám-skrár grunnskóla borgarinnar fyrir hönd fræðsluráðs. Kennsluráðgjafar starfa í fjölmörgum samstarfsverkefnum sem fulltrúar Fræðslumiðstöðvar og tengiliðir við grunnskóla borgarinnar.

Samstarf kennsluráðgjafa og sálfræðinga á þjónustusviði fer m.a. fram í þverfaglegum teymum sem sinna mismunandi verkefnum, svo sem skólabyrjun, sérkennslu, alvarlegum einstaklingsmálum, þroskahömlun, einhverfu og eineltismálum.

Tafla 2.8

Einstaklingsmál sem unnið var að á kennsludeild skólaárið 2002-2003

Tilfni	Fjöldi einstaklinga
Námsvandi	43
Hegðun og samskipti	82
Proskaraskanir	40
Breyting á skólavist	126
Fötlun	49
Samtals	340

Starfsmenn þjónustusviðs

Starfsmenn á þjónustusviði voru 23 á árinu. Forstöðumaður og deildarstjórar sálfræði- og kennsludeildar höfðu forystu og frumkvæði um starfsemi sviðsins.

Á kennsludeild störfuðu 10 starfsmenn í 8,5 stöðugildum að meðtöldum deildarstjóra. Kennsluráðgjöf var í höndum kennsluráðgjafa. Fjórir skiptu með sér almennri ráðgjöf í borgarhlutunum fjórum, þrír kennsluráðgjafar í 2,5 stöðugildum skiptu með sér sérkennsluráðgjöf, þar með talin ráðgjöf við framkvæmd stefnu Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar, tveir ráðgjafar sinntu skipulagningu kennslu og ráðgjöf á sviði nýbúafræðslu og sinnti annar ráðgjöf við skóla um allt land utan Reykjavíkur.

Á sálfræðideild störfuðu 12 sálfræðingar í 11 stöðugildum, að meðtöldum deildarstjóra (sálfræðiþjónusta í borgarhlutum 2 og 3 og hluta af borgarhluta 1). Þeir sinntu greiningu á nemendum og veittu ráðgjöf til kennara og annars starfsfólks skóla og foreldra. Þeir unnu einnig að atferlisgreiningu og atferlismótun nemenda sem eiga erfitt með samskipti og hegðun. Einn sálfræðingur var í fullu starfi allt árið við að halda námskeið í atferlisgreiningu og atferlismótun fyrir kennara. Sálfræðingar unnu ennfremur að mati á stöðu sex ára barna í öllum grunnskólum borgarinnar.

Vesturgarður, þjónustumiðstöð í Vesturbæ, hóf starfsemi sína í byrjun árs 2002 í samvinnu Félagsþjónustunnar, Leikskóla Reykjavíkur, Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar. Fræðslumiðstöð lagði til einn sálfræðing og kennsluráðgjafa í 50% starfi í það samstarf.

Tungumálaver tók til starfa í Laugalækjaskóla í ársbyrjun 2002 og er ætlað að sinna ráðgjöf, kennslu og fjarkennslu í tungumálum. Þrír kennsluráðgjafar í 1,5 stöðugildum fluttu þá aðsetur sitt frá Fræðslumiðstöð í tungumálaverið (sjá 4. kafla).

Áherslur árið 2002

- Áfram var unnið að því að aðstoða einstaka skóla við framkvæmd námskeiða um þróun kennsluhátta og gerð einstaklingsáætlana með þátttöku allra kennara skólanna (sjá kafla 4).
- Lesskímunarprófið Læsi var lagt fyrir 2. bekk í 29 skólum vorið 2002 undir stjórn kennsludeildar og í samvinnu við þróunarsvið. Tilgangur þess var að fá heildarmynd af lestrargetu nemenda á þessum aldri í Reykjavík og gera kennurum og skólum kleift að setja sér markmið um framfarir nemenda, með samanburði við stærri heild. Lögð er áhersla á að sem flestir nemendur geti lesið sér til gagns við lok 2. bekkjar.
- Í nýbúafræðslu var lögð áhersla á útgáfu upplýsingabæklinga fyrir foreldra nemenda af erlendum uppruna, innritunareyðublöð og mat á málfærni (sjá kafla 4).
- Vinna við framkvæmd sérkennslustefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í fræðsluráði haustið 2001 fólst meðal annars í mati á stöðu um 600 fatlaðra nemenda og nemenda með miklar sérkennsluþarfir. Skólarnir fá sérstaka úthlutun vegna þessara nemenda. Einnig voru skólar aðstoðaðir við stofnun sérkennsluvers og ráðgjafarteymis í hverjum skóla.
- Forstöðumaður þjónustusviðs og deildarstjórar kennsludeildar og sálfræðideildar sátu í nefnd sem hafði það að markmiði að endurskoða skólatilboð fyrir nemendur með alvarlega félagslega og geðræna örðugleika. Nefndinni var ætlað að skila niðurstöðum á fyrri hluta árs 2003.



- Kennsluráðgjafar héldu um 60 fræðslufundi um nám og kennslu fyrir starfsmenn skóla, þar með taldir reglulegir samráðsfundir fyrir kennarahópa, svo sem sérkennara, námsráðgjafa, talkennara, smíða- og textilkennara og danskennara (sjá töflu 3.9 á bls. 35).
- Námskeið fyrir bráðger börn og verkefni við þeirra hæfi var skipulagt af kennsluráðgjafa í samvinnu við Heimili og skóla og Háskóla Íslands.
- Kennsluráðgjafar stýrðu framkvæmd „Stóru upplestrarkeppninnar“ í grunnskólum Reykjavíkur og voru tengiliðir í mörgum samstarfsverkefnum skóla og stofnana eða fyrirtækja (sjá kafla 4).

- Sálfræðingar tóku þátt í fræðslunámskeiðum fyrir foreldra 6 ára barna í um helmingi grunnskóla borgarinnar (í borgarhlutum 2 og 4).
- Þýðing á hugtakaskilningsprófinu Boehm var endurbætt, en sálfræðingar sjá til þess að skólar leggi það fyrir haust og vor.
- Farið var af stað með námskeið í atferlisgreiningu og atferlismótun fyrir kennara sem valdir voru til þess í hverjum skóla. Á árinu voru þau haldin í Grafarvogi, Árbæ og Breiðholti (sjá kafla 4).

Þjónusta við skóla vegna einstakra nemenda eða nemendahópa

Á árinu 2002 var ákveðið að öll þyngstu einstaklingsmálin sem koma til úrlausnar á Fræðslumiðstöð skyldu tekin fyrir í svonefndu einstaklingsmálateymi. Málum sem áður komu beint til forstöðumanns þjónustusviðs var nú vísað til þessa teymis. Í einstaklingsmálateyminu sátu þetta árið deildarstjóri sálfræðideildar, sem stýrði teyminu, tveir kennsluráðgjafar, sálfræðingur og ráðgjafi um samstarf foreldra og skóla. Alls komu 33 mál til teymisins frá 16 skólum, en um helmingur málanna var frá fjórum grunnskólum borgarinnar. Eins og áður voru málefni drengja í miklum meirihluta eða í 27 tilvikum af þessum 33. Flest mál voru vegna nemenda á unglingsstigi eða alls 20, af miðstigi komu alls sjö mál og af yngri barna stigi alls sex. Af þessum 33 málum var 14 vísað til teymisins vegna lélegrar skólasóknar viðkomandi nemanda (töflur 2.9 og 2.10).

Tafla 2.9

Mál til umfjöllunar í einstaklingsmálateymi Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur eftir ástæðum tilvísunar 2001-2002

Ástæður	Fjöldi einstaklinga 2002
Skólasókn	14
Hegðun/ofbeldi	7
Sérþarfir/stuðningur	2
Fjármál/sérþarfir	7
Vímuefni	2
Vanlíðan	1
Samtals	33

Tafla 2.10

Mál til umfjöllunar í einstaklingsmálateymi Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur eftir skólastigi 2001-2002

Skólastig	Fjöldi mála 2002
1.-4. bekkur	6
5.-7. bekkur	7
8.-10. bekkur	20
Samtals	33



Skólasafnamiðstöð

Skólasafnamiðstöð þjónar skólasöfnum grunnskóla Reykjavíkur. Á Skólasafnamiðstöð er veitt ráðgjöf til starfsfólks skólasafna, svo sem vegna húsbúnaðar, bókavals og tölvunotkunar. Þar er tekið við bókapöntunum frá skólum, bækur og önnur gögn skólasafna og sérdeilda eru flokkuð, skráð og plöstuð (tölflur 2.11 og 2.12). Val bóka og annarra gagna er í höndum starfsfólks skólanna sjálfra. Til að auðvelda valið eru haldnir bókavalsfundir með skólasafnakennurum og bókasafnsfræðingum skólanna nokkrum sinnum á vetri ýmist í Skólasafnamiðstöð eða á skólasöfnum.

Starfsmenn

Skólasafnamiðstöðvar

Á Skólasafnamiðstöð störfuðu sex starfsmenn í fimm stöðugildum árið 2002.

Helstu verkefni

- Farið yfir skráningar og byrjað að laga þær fyrir yfirfærslu í nýtt bókasafnskerfi.
- Lánþegaskrá yfirfarin fyrir yfirfærslu.
- Haldið var áfram að efnistaka tímaritsgreinar.
- Nokkur bekkjarsett af skáldsögum og fræðiritum fyrir börn og unglinga voru keypt í miðsafn.
- Haldin var árleg ráðstefna um barna- og unglingabókmenntir 23. mars í Gerðubergi í samvinnu við Menningarmiðstöðina Gerðuberg, Börn og bækur, Íslandsdeild IBBY, Upplýsingu, Félag skólasafnakennara og Síung.

Tafla 2.11

Frágangur safnagagna, eintakafjöldi 1998-2002¹⁾

1998	1999	2000	2001	2002
20.132	18.963	22.035	20.668	25.491

1) Prentun á strikamerkjum og plöstum

Tafla 2.12

Yfirlit yfir flokkun og skráningu á skólasafnamiðstöð 1998-2002

Efnisflokkar	1998	1999	2000	2001	2002
Íslenskar fræðibækur	267	205	250	168	197
Íslenskar skáldsögur	136	88	66	92	43
Erlendar bækur	1.096	1.779	1.626	720	757
Önnur gögn	332	194	237	182	234
Samtals	1.831	2.266	2.179	1.162	1.231



Erlend samskipti

Hluti af forystuhlutverki Fræðslumiðstöðvar í skólamállum er að kynna sér þróun skólamála í öðrum löndum. Kynnisferðir og heimsóknir til útlanda eru því fastur liður í starfsemi Fræðslumiðstöðvar.



Fræðslustjóri veitti árlegri námsferð skólastjóra forystu en hún var að þessu sinni farin til Finnlands 8.-12. apríl. Fræðslustjóri sótti einnig árlegan fund fræðslustjóra í höfuðborgum Norðurlanda sem að þessu sinni var haldinn 17.-18. júní í Kaupmannahöfn. Loks flutti fræðslustjóri eitt af aðalerindunum á ráðstefnu um „Morgendagens skole i Norden“ sem haldin var á vegum norrænu ráðherranefndarinnar í Osló, dagana 5.-6. desember. Í tengslum við ráðstefnuna var gefið út ritið „Morgendagens skole i Norden - fem scenarier om skolen og den teknologiske utviklingen“ þar sem aðalfyrirlesarar áttu hver sína grein.



11.-13. apríl 2002 fóru forstöðumaður þjónustusviðs og deildarstjóri kennsludeildar til Bergen í Noregi á norrænu skólaráðstefnuna „Brennpunkt Norden“ þar sem fjallað var um norrænu skólaleiðina. Þau heimsóttu Skranevatnet skole þar sem skipulögð er samvinna grunnskólans og menningarseturs (kulturskolen) í hverfinu og fóru til Bergen kommune til að fræðast um samþætta skóla- og félagsþjónustu í borgarhlutum Bergen.

Tveir sálfræðingar sálfræðideildar fóru til Danmerkur á ráðstefnu ISPA, sem eru alþjóðasamtök skólasálfræðinga, en þema ráðstefnunnar var skóli án aðgreiningar.

Í janúar fór tæplega 70 manna hópur úr Reykjavík á BETT2002 sem var hugbúnaðar- og kennslutækjasýning um notkun upplýsingatækni í skólastarfi, þar með talin stefnumótun, stjórnun og kennsla. Sýningin er haldin árlega í London á vegum breska menntamálaráðuneytisins og fleiri aðila. Deildarstjóri tölvudeildar stóð fyrir skipulagningu ferðarinnar sem í voru skólastjórnendur, kennarar í tölvufræðum og tölvuumsjónarmenn.

Viðburðir og formlegar opnanir

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur tók þátt í eða stóð fyrir ýmsum viðburðum á árinu. Útskriftanemendum í Kennaraháskóla Íslands og kennslufræði í Háskóla Íslands var boðið í kynningu á grunnskólastarfi í borginni. Lokahátíðir Stóru upp-lestrarkeppninnar voru fjórar talsins, ein í hverjum borgarhluta og tók fjöldi nemenda og kennara þátt í þeim. Í apríl var haldin í Réttarholtsskóla lokahátíð verkefnisins Bráðger börn - verkefni við hæfi, þar sem nemendur sýndu afrakstur námskeiðanna sem þeir höfðu sótt. Heimildamyndin Töfrar Elliðaárdalsins var frumsýnd við hátíðlega athöfn í Háskólabíói í lok apríl og einnig fór fram sýning á verkefnum nemenda í anddyri. Kennurum sem fóru á eftirlaun á árinu var boðið til samsætis á Fræðslumiðstöð.

Veittar voru samkvæmt venju viðurkenningar til skóla í átaki til bættrar umgengni og voru viðurkenningarskjöl ásamt fjárupphæð (100 til 250 þús. kr.) afhent fyrir skólaslit vorið 2002. Að þessu sinni veitti fræðsluráð átta skólum viðkenningu fyrir bættu umgengni, þ.e. Haga-, Selás-, Fossvogs-, Húsa-, Rima-, Fella-, Hvassaleitis- og Öskjuhlíðarskóla. Þessi viðurkenning var veitt fyrir verulegar framfarir í umgengni innandyra, góða umhirðu umhverfis skóla, lítið eða ekkert krot á veggjum, góðan frágang á fatnaði og skótaui og litlar eða engar skemmdir á búnaði og húsnæði.

Í byrjun apríl var Tungumálaver formlega opnað í Laugalækjarskóla. Í lok september fór fram formleg opnun viðbyggingar Ártúnsskóla en á sama tíma var haldið upp á 15 ára afmæli skólans.

3 Grunnskólar Reykjavíkur

Skólar, skólaárið, nemendur og starfsmenn

Grunnskólar Reykjavíkur starfa eftir lögum um grunnskóla nr. 66/1995, reglugerðum við þessi lög, Aðalnámsskrá grunnskóla frá 1999 og samþykktum borgarinnar um skólustarf o.fl. Auk þess tekur starfsemi skóla að sjálfsgöðu mið af öðrum lögum sem gilda um opinbera þjónustu, s.s. stjórnsýslulögum og upplýsingalögum, reglugerðum og kjara- samningum starfsmanna.

Fjöldi skóla og hverfaskipting

Tveir skólar sameinuðust á árinu þegar Vesturhlíðarskóli varð að táknaálssviði í Hlíðaskóla. Grunnskólar í Reykjavík voru því alls 44 haustið 2002, 39 þeirra voru reknir af Reykjavíkurborg, 34 almennir skólar og 5 sérskólar (tafla 3.1). Auk þess störfuðu 5 grunnskólar í borginni sem reknir eru af einkaaðilum með fjárfram- lögum frá Reykjavíkurborg.

Tafla 3.1

Fjöldi grunnskóla eftir gerð skóla

Gerð skóla	Fjöldi
Heildstæðir skólar, 1.-10. bekkur ^{1) 2)}	23
Barnaskólar, 1.-7. bekkur ³⁾	8
Unglingaskólar, 8.-10. bekkur ⁴⁾	3
Sérskólar, 1.-10. bekkur	5
Einkareknir skólar	5
Samtals	44

- 1) Korpu-, Víkur- og Borgaskóli voru með 1.-9. bekk en verða með 1.-10. bekk haustið 2003. Ingunnarskóli var með 1.-7. bekk en einn árgangur bætist við á ári.
- 2) Árbæjarskóli er einnig safnskóli á unglingastigi.
- 3) Laugarnesskóli er með 1.-6. bekk.
- 4) Laugalækjarskóli er með 7.-10. bekk.

Almennir skólar

Almennir grunnskólar eru í öllum íbúðahverfum borgarinnar og ætlaðir nemendum á grunnskóla- aldri sem þar búa. Engu að síður hafa nemendur möguleika á að sækja skóla utan síns heimahverfis, samþykki viðkomandi skólustjóri inntöku nemandans.

Um 12% nemenda sótti grunnskóla utan síns heimahverfis haustið 2002.

Tafla 3.2

Fjöldi nemenda í almennum grunnskólum haustið 2002

Skólastig	Fjöldi nemenda	Stofnár
Austurbæjarskóli 1.-10. bekkur	611	1930
Álftamýrarskóli 1.-10. bekkur	354	1964
Árbæjarskóli 1.-10. bekkur	805	1967
Ártúnsskóli 1.-7. bekkur	196	1987
Borgaskóli 1.-9. bekkur	385	1998
Breiðagerðisskóli 1.-7. bekkur	378	1956
Breiðholtsskóli 1.-10. bekkur	615	1969
Engjaskóli 1.-10. bekkur	431	1995
Fellaskóli 1.-10. bekkur	506	1972
Foldaskóli 1.-10. bekkur	637	1985
Fossvogsskóli 1.-7. bekkur	356	1971
Grandaskóli 1.-7. bekkur	379	1986
Hagaskóli 8.-10. bekkur	551	1958
Hamraskóli 1.-10. bekkur	364	1991
Háteigsskóli 1.-10. bekkur	377	1973
Hlíðaskóli ¹⁾ 1.-10. bekkur	581	1955
Hólabrekkuskóli 1.-10. bekkur	595	1974
Húsaskóli 1.-10. bekkur	468	1991
Hvassaleitisskóli 1.-10. bekkur	325	1965
Ingunnarskóli 1.-7. bekkur	92	2001
Klébergsskóli 1.-10. bekkur	159	1929
Korpuskóli 1.-9. bekkur	172	1999
Langholtsskóli 1.-10. bekkur	533	1952
Laugalækjarskóli 7.-10. bekkur	284	1960
Laugarnesskóli 1.-6. bekkur	420	1935
Melaskóli 1.-7. bekkur	622	1936
Réttarholtsskóli 8.-10. bekkur	322	1956
Rimaskóli 1.-10. bekkur	817	1993
Selásskóli 1.-7. bekkur	411	1986
Seljaskóli 1.-10. bekkur	676	1979
Vesturbæjarskóli 1.-7. bekkur	310	1958
Víkurskóli 1.-9. bekkur	180	2001
Vogaskóli 1.-10. bekkur	410	1958
Ölduselsskóli 1.-10. bekkur	587	1975
Samtals	14.909	

1) Hér eru 16 nemendur í Vesturhlíðarskóla taldir með nemendum í Hlíðaskóla þar sem litíð er á Vesturhlíðarskóla sem hluta af Hlíðaskóla í þessari ársskýrslu, sbr. samþykkt borgarráðs vorið 2002.

Sérskólar

Alls voru 5 sérskólar í Reykjavík haustið 2002 og þjóna fjórir þeirra nemendum af öllu landinu samkvæmt samningi milli Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá árinu 1997 (tafla 3.3).

Tafla 3.3

Fjöldi nemenda í sérskólum haustið 2002¹⁾

Skóli	Skólastig	Fjöldi nemenda
Dalbrautarskóli (Innlögð börn af Barna- og unglingageðdeild Landspítalans)	1.-10. bekkur	14
Einholtsskóli ²⁾ (Nemendur á unglingastigi sem af ýmsum félagslegum ástæðum geta ekki sótt almennan grunnskóla)	8.-10. bekkur	19
Hlíðarhúsaskóli (Nemendur með geðraskanir og atferlistruflanir)	1.-10. bekkur	8
Safamýrarskóli ³⁾ (Fjölfatlaðir nemendur)	1.-10. bekkur	22
Öskjuhlíðarskóli (Greindarskertir nemendur)	1.-10. bekkur	96
Samtals		159

1) Lítið er á Vesturhlíðarskóla sem hluta af Hlíðaskóla í þessari ársskýrslu, sbr. samþykkt borgarráðs vorið 2002 og er hann því ekki með í þessari töflu.

2) Einholtsskóli þjónaði einnig sjö nemendum á Stuðlum og einum nemanda á meðferðarheimilinu Háholti í Skagafirði.

3) Níu nemendur á framhaldsskólastigi stunduðu einnig nám í Safamýrarskóla og einn á framhaldsskólastigi í Einholtsskóla.

Tafla 3.4

Fjöldi nemenda í einkareknum skólum haustið 2002

Skóli	Skólastig	Fjöldi nemenda
Landakotsskóli ¹⁾	1.-10. bekkur	172
Skóli Ísaks Jónssonar ²⁾	1.-3. bekkur	142
Suðurhlíðarskóli	1.-10. bekkur	50
Tjarnarskóli	8.-10. bekkur	33
Waldorfsskólinn Sólstafr	1.-8. bekkur	30
Samtals		427

1) Að auki voru 16 fimm ára nemendur í Landakotsskóla.

2) Að auki voru 93 fimm ára nemendur í Skóla Ísaks Jónssonar.

Einkareknir skólar

Fimm grunnskólar í borginni eru reknir af einkaaðilum með fjárframlögum frá Reykjavíkurborg (sjá töflu 3.4). Haustið 2002 var framlagið 228.000 kr. á nemanda. Landakotsskóli fékk auk þess 17,5 millj. kr. framlag á árinu frá borginni vegna byggingafrankvæmda.



Skólar í borgarhlutum

Reykjavíkurborg var á árinu skipt upp í fjóra borgarhluta og er hverjum borgarhluta síðan skipt niður í borgarhverfi. Fjöldi almennra grunnskóla var mjög mismunandi eftir borgarhlutum, eins og skiptingin var á árinu 2002, eða frá átta upp í 18. Sama átti við um borgarhverfin. Í því minnsta var einn skóli og átta í því stærsta. Á mynd 3.1 sést skipting skóla eftir borgarhlutum eins og skipting í borgarhluta var á árinu 2002.

Borgarhluti 1

Hverfi 1.1 - Miðbær

Austurbæjarskóli
Einholtsskóli (sérskóli)
Landakotsskóli (einkarekinn skóli)
Tjarnarskóli (einkarekinn skóli)

Hverfi 1.2 - Vesturbær

Grandaskóli
Hagaskóli
Melaskóli
Vesturbæjarskóli

Borgarhluti 2

Hverfi 2.1 - Laugardalur

Álftamýrarskóli
Dalbrautarskóli (sérskóli)
Háteigsskóli
Langholtsskóli
Laugarnesskóli
Laugalækjarskóli
Safamýrarskóli (sérskóli)
Vogaskóli

Hverfi 2.2 - Kringlan

Breiðagerðisskóli
Fossvogsskóli
Hlíðarhúsaskóli (sérskóli)
Hlíðaskóli / Vesturhlíðarskóli (táknmálssvið)
Hvassaleitisskóli
Réttarholtsskóli
Skóli Ísaks Jónssonar (einkarekinn skóli)
Suðurhlíðarskóli (einkarekinn skóli)
Öskjuhlíðarskóli (sérskóli)

Borgarhluti 3

Hverfi 3.1 - Breiðholt

Breiðholtsskóli
Fellaskóli
Hólabrekkuskóli
Seljaskóli
Waldorfskólinn Sólstaflir (einkarekinn skóli)
Ölduselsskóli

Hverfi 3.2 - Árbær

Árbæjarskóli
Ártúnsskóli
Ingunnarskóli
Selásskóli

Borgarhluti 4

Hverfi 4.1 - Grafarvogur

Borgaskóli
Engjaskóli
Foldaskóli
Hamraskóli
Húsaskóli
Korpuskóli
Rimaskóli
Víkurskóli

Hverfi 4.2 - Kjalarnes

Klébergsskóli

Mynd 3.1




Fjöldi skóladaga og kennslustunda

Eins og haustið 2001 hófst skólaárið haustið 2002 að jafnaði mun fyrr en áður hafði þekkt í grunnskólum borgarinnar eða í flestum tilfellum í síðustu viku ágústmánaðar. Skólaárið er nú 180 dagar og eiga skólar kost á að vera með allt að sex daga vetrarfrí og lengja þá skólaárið fram eftir vori sem því nemur. Skóladagatöl skólanna eru tekin til umfjöllunar í kennararáði, á almennum kennarafundum og hjá foreldraráði hvers skóla. Skóladagatöl eru send fræðsluráði til staðfestingar að vori ár hvert.

Ákvæði grunnskólalaga frá 1995 um lengd skóladagsins komu að fullu til framkvæmda haustið 2001 og er skólavikan samkvæmt þeim 30 kennslustundir í 1.-4. bekk, 35 stundir í 5.-7. bekk og 37 stundir í 8.-10. bekk. Reykjavíkurborg ákvað á árinu að lengja í áföngum skóladag nemenda í 2.-4. bekk upp í 35 stundir á viku og kom sú ákvörðun til framkvæmda í Breiðholti og Vesturbæ haustið 2002. Stefnt er að því að lengingin verði komin til fullra framkvæmda í borginni haustið 2005. Reykjavíkurborg deilir auk þess út til skólanna viðbótar-kennslustundum til sveigjanlegs skólustarfs sem nemur alls um 70 stöðugildum kennara.

Mynd 3.2


Heildarfjöldi nemenda haustin 1997-2002¹⁾



1) Fimm ára nemendur í einkareknum skólum og eldri nemendur í sérskólum ekki taldar með.

Mynd 3.3

Nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 1984-2007¹⁾



1) Fimm ára börn ekki talin með og ekki nemendur í sérskólum.

Nemendafjöldi

Haustið 2002 voru nemendur í 1.-10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur alls 15.495 og hafði þeim fjölgað um 114 frá árinu áður. Í almennum grunnskólum voru 14.909 nemendur og hafði þeim fjölgað um 186 frá árinu 2001. Í sérskólum voru aðeins færri nemendur en áður eða 159. Nemendur einkarekinna skóla voru 427 sem er fækkun um 71 nemanda frá árinu áður (tölur 3.2, 3.3 og 3.4 á bls. 26-27). Hlutfall grunnskólanemenda af íbúum Reykjavíkur var 13,9% sem er svipað og á undanförunum árum.

Þróun nemendafjölda

Nemendum í grunnskólum Reykjavíkur hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum (sjá myndir 3.2 og 3.3). Frá hausti 1997, ári eftir flutning grunnskólanna frá ríki til sveitarfélaga, til 2002 fjölgaði nemendum í almennum grunnskólum og sérskólum í Reykjavík um rúmlega 900. Flest bendir til að nemendafjöldi muni ná hámarki á skólaárinu 2003-2004 en svo muni nemendum heldur fara fækkandi. Árið 2006 má þó búast við einhverri uppsveiflu þar sem fjöldi fæddra barna í Reykjavík var með mesta móti árið 2000 (1.805 börn).

Spá fyrir einstök ár er birt í töflu 3.5 en þar er sýnt hversu mikilli fjölgun eða fækkun má búast við í grunnskólum Reykjavíkur næstu fimm árin (fimm ára nemendur eru ekki taldir með). Í þessari töflu er sýnt hversu mikið mun fjölga árlega miðað við að 85%, 90% og 95% af fæðingar-árgöngum skili sér inn í skólana (þ.e. börn fædd 1997 árið 2003, börn fædd 1998 árið 2004 o.s.frv.). Undanfarin 10 ár hefur hlutfallið verið á bilinu 86-96% og mjög mismunandi frá ári til árs. Það er því nokkuð erfitt að meta hvort er líklegra að 85% eða 95% árgangs skili sér en þó má gera ráð fyrir að þetta hlutfall verði nálægt 90% þar sem það hefur verið að jafnaði 89% síðustu fimm árin. Miðað við það fjölga nemendum nokkuð haustið 2003, en fer svo fækkandi í nokkur ár.

Móttaka nýrra nemenda

Á árinu höfðu rúmlega 70% skóla gert sér áætlun um móttöku nýrra nemenda (mynd 3.4). Þar er gjarnan kveðið á um hvernig staðið er að móttöku nemenda við upphaf skólagöngu með gagnkvæmum heim-sóknum leikskóla og grunnskóla fyrir skólagöngu og námskeiðum og eða kynningarfundum fyrir foreldra að hausti. Skólar hafa gjarnan sérstaka áætlun um móttöku nýrra nemenda af erlendum uppruna eða styðjast við bækling Fræðslumiðstöðvar um móttöku erlendra nemenda. Þar er lögð áhersla á gagnkvæma upplýsingamiðlun og kynningu á skólastarfinu. Þá er boðið upp á sérstaka kynningarfundum fyrir nemendum sem flytjast á milli skóla, skoðun á skólahúsinu og að nemendur hittu umsjónarkennara áður en þeir koma inn í bekkinn sinn.

Tafla 3.5


Væntanlegur nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 2003-2007¹⁾

Skólaár	2003-2004	2004-2005	2005-2006	2006-2007	2007-2008
Fjölgun miðað við 85% fæðingarárgangs í 1. bekk (mismunur á 1. og 10. bekk)	0	-134	-109	-108	-71
Nemendafjöldi miðað við 85% fæðingarárgangs í 1. bekk, aðrir árgangar eins og í dag	15.368	15.233	15.124	15.016	14.945
Fjölgun miðað við 90% fæðingarárgangs í 1. bekk (mismunur á 1. og 10. bekk)	83	-51	-27	-18	14
Nemendafjöldi miðað við 90% fæðingarárgangs í 1. bekk, aðrir árgangar eins og í dag	15.539	15.488	15.461	15.443	15.458
Fjölgun miðað við 95% fæðingarárgangs í 1. bekk (mismunur á 1. og 10. bekk)	167	32	55	73	100
Nemendafjöldi miðað við 95% fæðingarárgangs í 1. bekk, aðrir árgangar eins og í dag	15.711	15.742	15.797	15.870	15.970


1) Fjöldi í almennum grunnskólum og einkareknum skólum, fimm ára börn ekki meðtalin.

Mynd 3.4

Hlutfall skóla með áætlun um móttöku nýrra nemenda 2000-2002




Fjöldi bekkjadeilda/umsjónarhópa í grunnskólum Reykjavíkur 1990-2002



Mynd 3.6

Meðalfjöldi nemenda í bekkjardeild 1960-2002



Tafla 3.6

Fjöldi starfsmanna í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2002

Starfsmenn	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi stöðugilda
Kennarar, leikskólakennarar, þroskaþjálfar, stjórnendur námsráðgjafar o.fl.	1.541	1.425,2
Starfsmenn skóla, skólaliðar, skrifstofufólk, umsjónarmenn, kaffiumsjón	478	406,5
Stuðningsfulltrúar	168	127,2
Aðrir (tölvuumsjónarmenn, yfirmenn mötuneyta o.fl.)	31	25,7
Samtals	2.218	1.984,6
Starfsfólk í ræstingum eingöngu	123	

Fjöldi bekkjardeilda og meðalfjöldi í bekk


Haustið 2002 voru 730 bekkjardeildir eða umsjónarhópar í grunnskólum Reykjavíkur og hafði fjölgað um 16 frá hausti 2001 (mynd 3.5). Meðalfjöldi nemenda í bekk haustið 2002 var 20,4 (mynd 3.6). Þetta haust voru í fyrsta sinn engir síðdegisbekkir þar sem allir grunnskólar í Reykjavík eru einsetnir frá og með hausti 2002.

Starfsmenn grunnskóla

Við grunnskóla Reykjavíkur störfuðu rúmlega 2.340 starfsmenn haustið 2002, þar af voru um 1.540 kennarar, leikskólakennarar, þroskaþjálfar, námsráðgjafar og stjórnendur eða um 66% starfsmanna. Aðrir starfsmenn, svo sem stuðningsfulltrúar, skólaliðar, starfsmenn skóla, ritarar, umsjónarmenn, starfsmenn í mötuneytum, tölvuumsjónarmenn (ekki kennarar) og starfsfólk í ræstingu voru alls um 800 að tölu eða um 34% starfsmanna (mynd 3.7 og tafla 3.6).

Mynd 3.7

Hlutfall starfsmanna eftir starfssviðum



Skólastjórnendur

Skólastjórnar í grunnskólum Reykjavíkur voru haustið 2002 jafnmargir skólunum eða 39. Aðstoðarskólastjórnar voru 43, þar sem í sjö skólum voru tveir aðstoðarskólastjórnar og þrír í einum. Í fjórum skólum var enginn aðstoðarskólastjóri. Haustið 2002 voru 62% skólastjóra karlar og 38% konur, en hlutfallið var 65% karlar og 35% konur á fyrra ári. Hlutfallið í hópi aðstoðarskólastjóra var 28% karlar og 72% konur en var 25% karlar og 75% konur á fyrra ári. Sex skólastjórnar og tveir aðstoðarskólastjórnar störfuðu í einkareknu skólunum fimm.

Tveir nýir skólastjórnar tóku til starfa við grunnskóla Reykjavíkur á árinu, þ.e. við Foldaskóla og Laugalækjar-skóla. Þeir nutu stuðnings og ráðgjafar reyndra skólastjóra, svokallaðra „mentora,” samkvæmt stuðningskerfi sem tekið var upp á árinu 2001.

Oddvitar skólastjóra í borgarhlutum

Skólastjórnar í hverjum borgarhluta hafa með sér samstarf. Á um tveggja ára fresti kjósa þeir einn úr sínum röðum til þess að vera oddviti þeirra í borgarhlutanum. Hann sér um að boða til reglulegra funda hópsins og er fulltrúi í svonefndu Samráði með fræðslustjóra. Við vinnu við starfsáætlun fyrir árið 2003 sem fram fór á árinu 2002 voru í fyrsta sinn unnin sérstök markmið fyrir hvern borgarhluta undir meginmarkmiðunum fimm um grunnskólann og héldu oddvitar utan um þá vinnu.

Samvinna fræðslustjóra og skólastjóra

Fræðslustjóri er í nánu samstarfi við skólastjóra. Formlegt samstarf þessara aðila felst meðal annars í mánaðarlegum fundum fræðslustjóra með skólastjórnar og stundum einnig aðstoðarskólastjórnar um ýmis fagleg og rekstrarleg málefni og starfsáætlun næsta árs. Haldnir voru níu fundir fræðslustjóra og skólastjóra á árinu og auk þess sótti fræðslustjóri fundi skólastjóra í öllum borgarhlutum í febrúar (tafla 3.7).

Tafla 3.7

Yfirlit yfir skólastjórnarfundum 2002

Mánuður	Fundarstaður	Fundarefni
Janúar	Fræðslumiðstöð	Upplýsingakerfi fyrir grunnskóla Reykjavíkur
Febrúar	Fundir í öllum borgarhlutum	Málefni hvers borgarhluta
Mars	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Innritun í framhaldsskóla og samspil náms í grunn- og framhaldsskólum
Apríl	Kynnisferð til Akureyrar	
Mái	Félagsheimili Þróttar, Laugardal	Horft um öxl
Júní	Melaskóli	Starfsáætlun 2003
Ágúst	Fræðslumiðstöð	Skólaárið framundan
September	Langholtsskóli	Starfsáætlun 2003
Október	Kynnisferð í Reykjanesbæ	Niðurstöður rannsóknar á stjórnunarstílum og almenn kynning á skólastarfi í sveitarfélaginu
Nóvember	Engjaskóli	TölvuTÖK og niðurstöður rannsóknar á framkvæmd kjarasamninga
Desember	Gerðuberg / Fræðslumiðstöð	Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins og rektor Kennaraháskóla Íslands fluttu erindi, móttaka á Fræðslumiðstöð
Desember	Fræðslumiðstöð	Stefnumótun í málefnum barna og vinna við gerð 5 ára áætlunar um viðbyggingar og endurbætur á húsnæði grunnskóla Reykjavíkur

Fræðslustjóri átti níu fundi með Samráðinu á árinu en í því sitja oddvitar skólastjóra úr borgarhlutum og fulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur. Ráðið er fræðslustjóra til ráðgjafar og er vettvangur upplýsingamiðlunar og skoðana-skipta. Þar var meðal annars rætt um dagskrár skólastjórnarfundum, flutning fjármagns til símenntunar til skólanna, aðkomu skólastjóra að vinnu við starfsáætlun, kynningu niðurstaðna kannana, símenntun skólastjóra og námsferðir, hvatningarverðlaun, ráðstefnu og sýningu, framkvæmd sérkennslustefnu, útboð á skólaakstri, vetrarfrí og ráðgjöf um mannauðsstjórnun. Fræðslustjóri átti starfsmannasamtöl við rúmlega helming skólastjórnaranna, eða alls 22, í nóvember og desember 2002. Skrifstofustjóri á skrifstofu fræðslustjóra er tengiliður fræðslustjóra við



skólastjóra, aðstoðar hann við undirbúning funda með skólastjórum og veitir skólastjórum ráðgjöf og stuðning.

Þórður Kristjánsson, skólastjóri Seljaskóla, varð formaður Skólastjórafélags Reykjavíkur á árinu. Fulltrúar félagsins tóku á árinu þátt í mörgum vinnuhópum á vegum Fræðslumiðstöðvar, svo sem í úthlutunarnefnd Þróunarsjóðs grunnskóla í Reykjavík, nefnd um fyrirkomulag tónlistarnáms, starfshópi um sérúræði fyrir nemendur í geðrænum og félagslegum vanda, nefnd um starfsreglur fyrir foreldraráð og dómnefnd um hvatningarverðlaun (veitt á árinu 2003).

Fulltrúar aðstoðarskólastjóra úr hverjum borgarhluta mynda samráð með starfsmannastjóra og einum kennsluráðgjafa. Þessi hópur skipuleggur meðal annars heimsóknir og fræðslufundi fyrir aðstoðarskólastjóra.

Símenntun skólastjórna

Árleg námsferð fræðslustjóra og skólastjóra til útlanda var til Helsinkí í Finnlandi þetta árið. Ákveðið var að fara til Finnlands þar sem Finnar komu best út allra þjóða í svonefndri PISA-könnun sem er alþjóðleg könnun OECD á náttúrufræði, stærðfræði og lestri. Vorið 2000 var áhersla á læsi (2/3 prófsins). Könnunin var lögð fyrir 15 ára nemendur (10. bekkur) í 32 löndum.

Farin var kynnisferð skólastjóra og fræðslustjóra til Akureyrar 11.-12. apríl og til Reykjanesbæjar 17. október. Í þeim tilgangi að kynnast starfi grunnskóla og ræða við skólamála-yfirvöld (tafla 3.7). Aðstoðarskólastjórar heimsóttu á vorönn skólana á Keflavíkurflugvelli undir forystu starfsmannastjóra á Fræðslumiðstöð.

Á árinu fór fram ítarlegt námskeið fyrir skólastjórna um gerð símenntunaráætlana sem 45 stjórnendur tóku þátt í. Þetta var m.a. gert til að styðja skólana í að koma til móts við starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar og ákvæði í kjarasamningum kennara og annarra starfsmanna skólanna sem gerðir voru á árinu 2001 um að allar stofnanir skuli gera símenntunaráætlunir. Haldin voru stutt námskeið fyrir skólastjórna, m.a. um móttöku nýrra starfsmanna, að takast á við erfiða einstaklinga og innri uppsögn, auk námskeiðs fyrir nýja stjórnendur (tafla 3.8). Haldnir voru 5 fræðslufundir ætlaðir stjórnendum skólanna í Reykjavík, skólastjórum, aðstoðarskólastjórum og deildarstjórum, þar sem kynnt voru brot af því besta sem verið er að gera í skólunum (tafla 3.8).

Tafla 3.8

Námskeið á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur 2002¹⁾

Heiti/inntak	Markhópur	Fjöldi námskeiða	Stundafjöldi alls	Hámarksfjöldi þátttakenda	Fjöldi sem lauk námskeiði
Að takast á við erfiða einstaklinga	Aðstoðarskólastjórar	1	5	-	-
Gerð símenntunaráætlana	Skólastjórna	1	24	45	45
Innri uppsögn	Aðstoðarskólastjórar	1	4	30	29
Móttaka nýrra starfsmanna	Skólastjórna	1	-	40	-
Nýir stjórnendur	Skólastjórna	1	8	-	-
Starfsumhverfið mitt	Starfsfólk grunnskóla	5	20	enginn	165
Starfsnám fyrir stuðningsfulltrúa	Stuðningsfulltrúar	1	182	21	27
Starfsnám fyrir skólaliða	Skólaliðar	1	126	enginn	21
Samtals		12			

1) Auk þess voru nokkur námskeið haldin á vegum Reykjavíkurborgar, s.s. um starfsmannakerfið Oracle, framkvæmd kjarasamninga og vinnurétt.

Kennarar

Grunnskólakennarar eru fjölmennastir í starfsliði grunnskólanna í Reykjavík. Haustið 2002 voru þeir um 1.540 að meðtöldum stjórnendum, námsráðgjöfum, bókasafnsfræðingum, leikskólakennurum og þroskaþjálfum og fylltu 1.425 stöðugildi (leikskólakennarar og þroskaþjálfar í 34 stöðugildum þar af). Þessar fagstéttir voru því um 66% starfsmanna. Um 78% kennara voru í fullu starfi og er það ívið minna hlutfall en undanfarin ár. Haustið 2002 voru tæplega 11 nemendur á hvert stöðugildi kennara í öllum grunnskólum Reykjavíkur sem er svipað og undanfarin ár, eða 11,4 í almennum skólum og 2,1 í sérskólum (mynd 3.7 og tafla 3.6).

Kynningar fyrir kennaranema

Þann 29. nóvember var nemum á þriðja ári í Kennaraháskóla Íslands boðið á kynningarfund og til móttöku á Fræðslumiðstöð. Sambærileg kynning var þann 1. nóvember fyrir nemendur í kennslufræði í Háskóla Íslands. Markmið þessara funda var að kynna nemunum skólastarf í Reykjavík og möguleika þeirra á störfum í borginni.

Símenntun kennara

Í ársbyrjun 2002 varð sú breyting á að fé sem borgin hafði lagt til símenntunar kennara var úthlutað til skólanna og dróst því símenntun á vegum Fræðslumiðstöðvar saman, en Fræðslumiðstöð veitti margvíslega ráðgjöf varðandi símenntun. Þetta hefur orðið til þess að skólar huga nú meira að námskeiðum sem eru sérhönnuð fyrir viðkomandi skóla. Kennsluráðgjafar á Fræðslumiðstöð höfðu umsjón með árslöngum námskeiðum um þróun kennsluhátta eða upplýsinga- og samskiptatækni í kennslu sem haldin voru úti í skólunum fyrir alla kennara viðkomandi skóla. Á haustönn 2002 fóru átta slík námskeið af stað um þróun kennsluhátta, fimm um gerð einstaklingsáætlana og tvö um nýtingu tækninnar í jafnmörgum skólum (tafla 3.8 og 4.1 á bls. 39). Þeim lýkur á vorönn 2003.



Tafla 3.9

Fræðslufundir fyrir starfsfólk grunnskóla Reykjavíkur á vegum kennsludeilda Fræðslumiðstöðvar 2002

	Fjöldi funda	Fjöldi þátttakenda	Fundarefni
Námsráðgjafar	4	98	Vinnuskólinn. Staða, starf og stefna í námsráðgjöf. Inntaka í framhaldsskóla.
Stjórnendur sérkennslu	1	44	Samráðsfundur.
Umsjónarmenn skóladagvista og starfsfólk	4	92	Þroskaraskanir. Starfsemi Frístundar ÍTR við grunnskóla Reykjavíkur. Að takast á við breytingar.
Kennarar sem kenna list- og verkgreinar	9	175	Lesið í skóginn. Danskennsla. Öryggi í smíðastofu.
Sérkennarar, talkennarar o.fl.	4	87	Mál- og hreyfiþjálfun. Hegðunarerfiðleikar. Foreldrasamstarf. Tölvur í sérkennslu.
Kennarar sem m.a. kenna nýbúum	4	110	Þjálfun hljóðkerfisvitundar. Fjölbreyttir kennsluhættir í tungumálanámi. Trúarbrögð. Færniþjálfun.
Kennarar yngri barna	7	166	Kynning á nýju stærðfræðiefni. Dagur stærðfræðinnar. Upplestur. Lesskimun.
Ýmsir hópar kennara	18	465	Þroskaraskanir. Kynning á móðurskólum og þróunarverkefnum. Lifandi frásagnir í skólum. Stóra upplestrarkeppnin. Hagnýting samræmdra prófa í kennslu. Lífsleikni. Skólalóðir. Strategies for Inclusion.
Leiðsögukenningar	1	11	Handleiðsla og ráðgjöf.
Þroskaþjálfar	6	60	Samstarfsfundir.
Stuðningsfulltrúar	2	32	Þroskaraskanir. Hlutverk stuðningsfulltrúa.
Samtals	60	1.340	

Fræðslumiðstöð stóð eins og áður fyrir fræðslufundum fyrir ýmsa hópa, svo sem faggreinakennara, námsráðgjafa og stjórnendur sérkennslu, alls um 60 talsins á árinu 2002 og voru þátttakendur um 1.340. (tafla 3.9). Myndver grunnskólanna í Réttarholtsskóla var með kynningu og námskeið í skólum um ljósmyndir og kvikmyndir.

Endurmenntunarsjóður grunnskólakennara er í vörslu menntamálaráðuneytisins. Hlutverk hans er að veita fé til endurmenntunar kennara í grunnskólum landsins. Á árinu 2002 fékk Fræðslumiðstöð fyrir hönd grunnskólanna í Reykjavík styrk að upphæð kr. 5.857.500 úr sjóðnum.



Erlend samskipti

Líður í símenntun kennara er að fara utan og heimsækja skóla í öðrum löndum til að læra af þeim og flytja heim nýjar hugmyndir og reynslu úr skólstarfi. Kennarar úr 19 skólum kynntu sér skólstarf erlendis á árinu og fóru meðal annars til Norðurlanda, Bretlands, meginlands Evrópu og til Bandaríkjanna (tafla 3.10). Erlendir gestir sækja einnig reykvíska skóla heim. Á árinu fengu 13 skólar í borginni heimsóknir tæplega 140 gesta erlendis frá (tafla 3.11).

Ferðasjóður grunnskóla Reykjavíkur styrkir námsferðir kennara. Sjóðurinn styrkti eingöngu ferðir einstaklinga sem starfa við grunnskóla borgarinnar, en ekki kennarahópa. Á árinu bárust 41 umsóknir í sjóðinn og var átta kennurum veittur styrkur, samtals að upphæð 245.060 kr. (tafla 3.12).

Styrkir til framhaldsnáms kennara og skólastjórnenda

Árlega er kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla Reykjavíkur á síðari hluta framhaldsnáms á háskólastigi veittir námsstyrkir af fræðsluráði, en þeim var fyrst úthlutað árið 1997. Árið 2002 bárust alls 12 umsóknir og fengu sjö aðilar styrk að upphæð 1.625.000 kr. (tafla 3.13).

Tafla 3.10

Hópfærðir kennara og starfsmanna til útlanda árið 2002

Skóli	Áfangastaður	Fjöldi þátttakenda	Dagafjöldi
Austurbæjarskóli	Svíþjóð	3	5
Austurbæjarskóli	Belgía	3	5
Ártúnsskóli	Finnland, Helsinki	3	11
Breiðagerðisskóli	England, London	1	5
Breiðagerðisskóli	Finnland	1	5
Breiðholtsskóli	Holland, Antwerpen	43	6
Fellaskóli	England, London	4	3
Fellaskóli	Danmörk, Kaupmannahöfn	40	
Foldaskóli	England, London	1	7
Foldaskóli	England, Leeds	2	7
Foldaskóli	Sviss	30	7
Foldaskóli	Slóvakía, Hlohovec	2	
Foldaskóli	Austurríki, Danmörk, Írland	3	8
Fossvogsskóli	England, London	2	5
Grandaskóli	Danmörk	4	5
Hagaskóli	Sviss, Genf	5	5
Hlíðaskóli	Danmörk, Ringsted	3	3
Hólabrekkuskóli	Danmörk, Kaupmannahöfn	1	5
Hvassaleitisskóli	England, Birmingham	2	3
Hvassaleitisskóli	Slóvenía, Skopie	1	4
Hvassaleitisskóli	Tékkland, Mélinik	2	5
Hvassaleitisskóli	Þýskaland/Frakkland	2	4
Korpuskóli	Malta	2	7
Langholtsskóli	Tékkland, Prag	1	7
Langholtsskóli	Svíþjóð, Stokkhólmur	2	7
Laugalækjarskóli	Danmörk/Svíþjóð	2	3
Laugarnesskóli	Svíþjóð, Malmö, Lundur	3	7
Réttarholtsskóli	Spánn	1	0
Réttarholtsskóli	England, London	2	5
Réttarholtsskóli	Finnland, Helsinki	1	7
Seljaskóli	England, London	4	5
Vogaskóli	Ungverjaland, Budapest	30	5

Samtals þátttakendur

206



Tafla 3.11

Heimsóknir erlendra gesta í grunnskóla Reykjavíkur (aðrir en nemendur) árið 2002

Skóli	Fjöldi gesta	Heimaland gesta	Markmið heimsóknar
Austurbæjarskóli	1	Belgía	Kennsla í fjölmenningarl.kennslu
Austurbæjarskóli	13	Svíþjóð	Tvær skólaheimsóknir
Álftamýrarskóli	22	Finnland, Danmörk	Tvær kynningar
Álftamýrarskóli	4	Danmörk	Gestakennari og kennaranemar
Breiðholtsskóli	5	Svíþjóð	Kynning á skólanum
Engjaskóli	15	Bandaríkin	Kynning á skólanum
Foldaskóli	3	Danmörk	Kennaranemar á kynningu
Grandaskóli	6	Danmörk	Kynning á skólanum
Grandaskóli	8	Noregur	Kennsla í upplýsingatækni
Hlíðaskóli	1	Danmörk	Nemi í dönsku (fullorðinn)
Hólabrekkuskóli	5	Ítalía, Frakkland	Lok Comeníusarverkefnis
Hvassaleitisskóli	8	Finnland	Koma á samstarfi
Hvassaleitisskóli	4	Slóvenía	Samstarfsverkefni
Hvassaleitisskóli	1	Danmörk	Kynning á lýðháskóla
Klébergsskóli	18	Júgóslavía	Kynning á landi/þjóð
Langholtsskóli	1	Bretland	Námsumhverfi
Langholtsskóli	2	Svíþjóð	Samvinna í Comeníusarverkefni
Réttarholtsskóli	1	Bandaríkin	Námsráðgjafakynning
Öskjuhlíðarskóli	19	Írland, Svíþjóð	Kynning á skólanum
Samtals	137		

Tafla 3.12

Styrkir úr ferðasjóði grunnskólakennara

Skóli	Styrkþegar	Upphæð
Austurbæjarskóla	1	34.440
Fellaskóli	1	28.000
Hamraskóli	1	35.000
Háteigsskóli	1	31.750
Hlíðaskóli	3	85.870
Seljaskóli	1	30.000
Samtals	8	245.060

Tafla 3.13

Styrkir vegna framhaldsnáms kennara og skólastjórnenda í Reykjavík

Skóli	Styrkþegar	Upphæð
Breiðagerðisskóli	1	250.000
Fellaskóli	1	250.000
Foldaskóli	1	250.000
Grandaskóli	2	500.000
Hamraskóli	1	125.000
Háteigsskóli	1	250.000
Samtals	7	1.625.000

Stuðningsfulltrúar, skólaliðar, umsjónarmenn, ritarar o.fl.

Haustið 2002 störfuðu alls 168 stuðningsfulltrúar við grunnskólana í 127 stöðugildum (um 7% starfsmanna). Þeir sinna fötluðum nemendum og eru kennurum til aðstoðar. Starfsmenn skóla, skólaliðar, skrifstofufólk, umsjónarmenn, starfsmenn í mótuneytum, tölvuumsjónarmenn (ekki kennarar) og kaffiúmsjónarkonur voru alls 509 í 432 stöðugildum (um 22% starfsmanna). Skólaliðar sinna sömu störfum og starfsmenn skóla en sinna einnig ræstingu meðfram öðrum störfum yfir daginn. Fjöldi nemenda á stöðugildi annarra starfsmanna en kennara var um 25 í öllum grunnskólunum haustið 2002 (var 28 árið 2001) eða 27 í almennum skólum (var 30 árið 2001) og fjórir í sérskólum (sama og árið 2001). Þetta hlutfall minnkaði frá fyrra ári og er skýringin meðal annars sú að mótuneytiseldhúsum fjölgaði á árinu. Alls sinntu 123 starfsmenn eingöngu ræstingu (mynd 3.7 og tafla 3.6).

Símenntun starfsfólks grunnskóla

Fræðslumiðstöð stóð á árinu fyrir námi fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða eins og áður í samvinnu við Borgarholtsskóla. Námið gefur einingar á framhaldsskólastigi. Alls luku 27 stuðningsfulltrúar úr grunnskólum Reykjavíkur 13 eininga starfsnámi sem hófst í apríl og lauk í desember 2002. Þá lauk 21 skólaliði ný eininga starfsnámi sem stóð frá desember 2001 til júní 2002. Leitast er við að skipuleggja námið þannig að það fari að mestu fram á þeim tíma sem nemendur grunnskólanna eru ekki í skólanum.

Haldin voru fimm námskeið, þrjár klst. hvert, um „starfsumhverfið mitt“ fyrir starfsfólk skóla og luku því 165 manns alls, auk fræðslufunda (töflur 3.8 og 3.9).



4 Starfsemi grunnskóla

Áherslur í starfsáætlun 2002

Í starfsáætlun fræðslumála ár hvert er mótuð stefna borgarinnar í fræðslumálum til lengri og skemmri tíma. Í starfsáætlun fræðslumála fyrir árið 2002 var í fyrsta sinn mótuð sýn til 10 ára, auk þess sem sett voru markmið til þriggja ára og mótuð skref til að stíga á árinu. Á undanförunum árum hafa smám saman mótast fimm meginmarkmið um grunnskóla í starfsáætlunum fræðslumála. Í starfsáætlun 2002 er lögð áhersla á:

- einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda
- skóla án aðgreiningar
- sjálfstæði skóla, styrka stjórnun skóla og eftirlit
- náin tengsl skóla og grenndar-samfélags
- jafnræði með nemendum í umgjörð skólastarfsins.

Á grunni stefnumótunar borgarinnar og aðalnámskrár móta skólarnir sér eigin starfsáætlun eða skólanámskrá (sjá kafla um sjálfstæði skóla og eftirlit).

a) Kennsluhættir - einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda

Þróun kennsluhátta

Frá og með starfsáætlun ársins 2000 hefur verið sett það langtíma-markmið í Reykjavík að skipulag náms nemenda verði einstaklingsmiðaðra en nú er og aukin áhersla lögð á þemanám og samvinnu nemenda. Meginmarkmið skólastarfs er að stuðla að þroska og menntun hvers einstaklings.

Til að mæta ólíkum einstaklingum þarf að fara margvíslegar leiðir og beita fjölbreyttum kennsluháttum.

Skólar eru farnir að losa um bekkjarkerfið með því að kennarar bera saman ábyrgð á stærri hópum, en hafa engu að síður áfram sinn umsjónarhóp. Sömu leiðis eykst samvinna almennra kennara og kennara í listum, verkgreinum, íþróttum og sérkennslu. Mannauðurinn sem í kennurum býr nýtist betur ef kennarar vinna saman og dreifa þar með reynslu sinni og þekkingu. Breyttir kjarasamningar kennara auðvelda slíkt samstarf. Einnig færast það í vöxt að nemendum sé skipt upp með mismunandi hætti eftir viðfangsefnum og þemanám af margvíslegum toga eykst. Tilraunir eru í gangi um einstaklingsáætlanir og uppbrot á hefðbundinni stundaskrá.

Áætlanir einstakra nemenda um nám sitt eru útfærsla á námi hvers og eins og eru forsenda einstaklingsmiðaðs náms. Nemandi setur sér slíka áætlun fyrir ákveðið tímabil í samvinnu við umsjónarkennara sinn og foreldra, gjarnan í foreldraviðtali og hefur til þess ákveðið eyðublað. Áætlunin fjallar um þau meginmarkmið sem hann hyggst ná í námi og þær leiðir sem hann ætlar að fara. Nokkrir skólar hafa nú hafið tilraunastarf í þessum efnunum.

Símenntun kennara er lykilatriði hvað varðar þróun kennsluhátta. Skólarnir hófu gerð símenntunar-áætlana samkvæmt starfsmanna-stefnu borgarinnar á árinu 2001. Haldin voru námskeið á vegum Fræðslumiðstöðvar um gerð slíkra áætlana, saminn gátlisti um inntak og fræðslunni síðan fylgt eftir með ráðgjöf frá starfsmannaþjónustu Fræðslumiðstöðvar. Árið 2002 höfðu rúmlega 70% skólanna gert sér símenntunaráætlun sem tók mið af stefnu Reykjavíkurborgar og skólans.

Námskeið um þróun kennsluhátta voru haldin í 20 grunnskólum í Reykjavík skólaárin 2001-2002 og 2002-2003. Þau stóðu ýmist í eina önn eða allt skólaárið. Kennslu-



Tafla 4.1

Námskeið um þróun kennsluhátta á árunum 2001-2003

	Þróun kennsluhátta	Gerð einstaklingsáætlana
Borgaskóli	2001-2002	
Breiðagerðisskóli		2002-2003
Engjaskóli		2002-2003
Fellaskóli	2001-2002	
Foldaskóli	2002-2003	
Fossvogsskóli	2002-2003	
Hamraskóli	2001-2002	
Háteigsskóli		2002-2003
Húsaskóli	2001-2002	2002-2003
Ingunnarskóli	2002-2003	
Klébergsskóli	2001-2002	
Korpuskóli	2002-2003	
Langholtsskóli	2002-2003	
Laugarnesskóli	2001-2002	
Safamýrarskóli	2002-2003	
Selásskóli	2002-2003	
Vesturbæjarskóli	2001-2002	
Vikurskóli	2002-2003	
Vogaskóli	2001-2002	
Öskjuhlíðarskóli		2002-2003

Tafla 4.2

Fjöldmennustu þemaverkefni á vorönn 2002¹⁾

Verkefni	Fjöldi þátttakenda	Árgangar
Heilsurækt, hollusta og hreyfing	1.840	1.-10. bekkur
Dýralíf, plöntur, veðurfar og himininn	687	1.-6. bekkur
Slysavarnir	580	1.-10. bekkur
Laxness 100 ára	524	1.-10. bekkur
Samskipti og vinátta	360	1.-10. bekkur
Ljós og myrkur	240	1.-4. bekkur
Samtals	4.231	

1) Niðurstöður úr 13 skólum.

Tafla 4.3

Fjöldmennustu þemaverkefni á haustönn 2002¹⁾

Verkefni	Fjöldi þátttakenda	Árgangar
Heilsurækt, hollusta og vímuvarnir	1.988	1.-10. bekkur
Náttúran, dýralíf, veðurfar o.fl.	1.546	1.-10. bekkur
Eðlis -og stærðfræði, bókmenntir og lestur	1.248	1.-10. bekkur
Land og þjóð, Evrópa o.fl.	779	1.-7. bekkur
Íslensk ævintýri, þjóðsögur o.fl.	773	1.-10. bekkur
Haustið	584	1.-10. bekkur
Jólaverkefni af ýmsu tagi	517	1.-5. og 8.-10. bekkur
Skólinn minn og nánasta umhverfið	476	1.-10. bekkur
Biblían og kristileg verkefni	300	1.-9. bekkur
Vinir og vinátta	218	1.-9. bekkur
Samtals	8.429	

1) Niðurstöður úr 21 skóla.

ráðgjafar á Fræðslumiðstöð höfðu umsjón með námskeiðunum eða voru tengiliðir við stýrihóp í skóla um framkvæmd námskeiðanna. Í fimm skólum voru námskeiðin alfarið í umsjón skólans. Á haustönn 2002 hófust námskeið um gerð einstaklingsáætlana í 5 skólum (tafla 4.1).

Þemaverkefni


Þegar nám nemenda er skipulagt sem þemánám tekur það meira mið af hverjum einstaklingi en í hefðbundnu bekkjarstarfi og nemendur fá þjálfun í samvinnu. Það færir stöðugt í vöxt að nemendur vinni saman í hópum að ýmiss konar þemaverkefnum, gjarnan í heilum árgöngum eða fleiri árgöngum saman. Allir vinna að sama þemanu en verkefni nemenda og nemendahópa er mismunandi að gerð og inntaki (töflur 4.2 og 4.3).

Nýting tölvutækni

Upplýsinga- og samskiptatæknin auðveldar skólum að miða nám nemenda við stöðu hvers og eins og gera námið þar með árangursríkara. Haustið 2002 voru um 91% kennara komnir með virkt netfang og hafði fjölgað úr 75% á tveimur árum (mynd 4.1, sjá einnig kafla um tölvueign skólanna).

Mynd 4.1

Hlutfall kennara með virkt netfang hjá Íslenska menntanetinu¹⁾



1) Notað síðastliðna þrjú mánuði

Skólasöfn

Skólasöfn gegna mikilvægu hlutverki í viðleitni skóla til að laga námið að einstaklingunum og þjálfa þá í samvinnu og gagnaöflun, meðal annars með því að nýta upplýsingatæknina. Skólasöfn eru starfrækt í öllum almennum skólum borgarinnar. Þar er að finna margvíslegt ítarefni, bækur, tímarit, geisladiska með margs konar efni, kennslugögn, myndbönd og tölvuforrit. Nýting skólasafna er vaxandi þáttur í skólastarfi og útlán gagna hafa aukist með hverju árinu sem líður. Fjöldi útlána á nemanda er misjafn eftir skólum, allt frá nokkrum upp í nokkra tugi (tafla 4.4 og mynd 4.2).

Tafla 4.4

Útlán í skólasöfnum árin 2000 og 2002

Skóli	Fjöldi útlána á nemanda 2000	Fjöldi útlána á nemanda 2002	Heildarfjöldi útlána til nemenda 2002
Austurbæjarskóli	22,8	12,4	7.547
Álftamýrarskóli	15,0	9,2	3.273
Árbæjarskóli	14,6	15,2	12.249
Ártúnsskóli	38,2	31,4	6.161
Borgaskóli ¹⁾			
Breiðagerðisskóli	12,8	9,0	3.384
Breiðholtsskóli	17,4	18,1	11.122
Engjaskóli	7,1	6,1	2.648
Fellaskóli	8,6	15,2	7.690
Foldaskóli	11,6	12,9	8.191
Fossvogsskóli	9,3	11,4	4.041
Grandaskóli	15,0	20,1	7.602
Hagaskóli	3,5	2,1	1.161
Hamraskóli	10,0	9,4	3.407
Háteigsskóli	6,4	6,2	2.355
Hlíðaskóli	17,2	14,0	7.917
Hólabrekkuskóli	25,1	20,8	12.402
Húsaskóli	12,0	12,6	5.902
Hvassaleitisskóli	10,0	16,4	5.325
Ingunnarskóli ²⁾			
Klébergsskóli ³⁾			
Korpuskóli ¹⁾			
Langholtsskóli	12,1	11,8	6.273
Laugalækjarskóli ⁴⁾			
Laugarnesskóli	19,6	21,5	9.025
Melaskóli	14,3	23,3	14.497
Réttarholtsskóli	2,5	3,1	992
Rimaskóli	8,8	8,3	6.747
Seláskóli	35,1	27,2	11.172
Seljaskóli	15,9	9,1	6.154
Vesturbæjarskóli	10,1	9,7	3.006
Víkurskóli ²⁾			
Vogaskóli	9,9	14,1	5.797
Ölduselsskóli	13,2	22,4	13.129
Samtals	11,2⁵⁾	13,8⁵⁾	176.920

1) Upplýsingar vantar.

2) Bókasafn ekki komið upp.


3) Safnið er bæði skólasafn og útibú Borgarbókasafns.

4) Lánar ekki út bækur.

5) Vegið meðaltal.

Mynd 4.2

Fjöldi útlána á nemanda 1999, 2000 og 2002 eftir árgöngum





Móðurskólar

Móðurskólar í Reykjavík hafa það hlutverk að vera frumkvöðlar á sínu sviði í uppbyggingu námsins, vera öðrum fyrirmynd og veita ráðgjöf til annarra skóla, meðal annars með fræðslufundum og námskeiðum. Fyrstu móðurskólarnir voru útnefndir árið 1998. Á árinu 2002 urðu Breiðagerðisskóli og Korpuskóli móðurskólar í breyttum kennsluháttum og Austurbæjarskóli varð móðurskóli í fjölmenningslegri kennslu. Á árinu voru alls 11 skólar í Reykjavík móðurskólar (tafla 4.5).

Myndver

Í Réttarholtsskóla er starfrækt myndver grunnskóla Reykjavíkur og er hlutverk þess að gefa nemendum í borginni kost á að vinna margvísleg verkefni og tjá sig á fjölbreyttan og skapandi hátt með ljósmyndum og kvikmyndum. Nemendur vinna fræðsluþætti, fréttabætti og stuttmyndir í verinu, auk þess að fá leiðsögn og þjálfun

í ljósmyndun. Aðstoð er veitt skólum við sérstök verkefni eftir óskum og námskeið haldin fyrir kennara. Einnig eru lánuð út tæki í samvinnu við Skólasafnamiðstöð. Verið á í fórum sínum ljósmynda- og myndbandasafn um skólastarf í Reykjavík.

Aðsókn að verinu hefur vaxið jafnt og þétt á undanförunum árum, en á árinu 2002 nýttu alls um 1350 nemendur úr grunnskólum Reykjavíkur sér þessa þjónustu (mynd 4.3). Haustið 2002 vann hópur nemenda í Ringstabekk skólanum í Osló í Noregi með nemendum í 10. bekk úr Háteigs-skóla og Réttarholtsskóla að myndbandagerð. Hópurinn vann handrit á netinu í nokkrar vikur í enskútímum. Norsku nemendurnir komu síðan til Reykjavíkur og dvöldu hér í þrjá daga. Saman gerðu þessir nemendur 19 stuttmyndir á ensku og lauk samvinnunni með kvikmyndahátíð og verðlaunaafhendingu. Einn starfsmaður starfar við myndverið.


Tafla 4.5

Móðurskólar í Reykjavík 2002

Nafn skóla	Móðurskóli í:
Austurbæjarskóli	Fjölmenningslegum kennsluháttum 1. ár
Álftamýrarskóli	Tungumálakennslu 2. ár
Breiðagerðisskóli	Þróun kennsluhátta 1. ár
Breiðholtsskóli	Foreldrasamstarfi 3. ár
Engjaskóli	Foreldrasamstarfi 3. ár
Grandaskóli	Upplýsingatækni og tölvukennslu 5. ár
Hólabrekkuskóli	Náttúrufræði 4. ár
Korpuskóli	Þróun kennsluhátta 1. ár
Melaskóli	Náttúrufræði 4. ár
Selásskóli	Náttúrufræði 4. ár
Selásskóli	Skólasafnakennslu 5. ár

Mynd 4.3

Fjöldi nemenda sem nýttu sér þjónustu myndversins á árunum 1999-2002



Tungumálaver

Tungumálaver tók til starfa í Laugalækjarskóla í byrjun árs 2002 og eru þar þrír starfsmenn í 1,5 stöðugildi. Þar fer fram þróun og framkvæmd fjarkennslu í norsku, sænsku, dönsku og ensku, auk kennsluráðgjafar í norsku og sænsku fyrir allt landið og skipulags kennslu þessara greina í grunnskólum Reykjavíkur. Hlutverk versins er að mæta þörfum nemenda sem velja sænsku og norsku í námi sínu í stað dönsku og þeirra sem skara fram úr í ensku og dönsku og vilja nýta sér fjarkennslu miðað við þekkingu sína í málinu. Auk þess er hlutverk versins að þróa aðferðir í tungumálakennslu sem stuðla að nemenda-sjálfstæði og nemendaábyrgð. Tungumálaverið tók við þjónustu sem veitt var áður frá Fræðslumiðstöð.

Kennsluráðgjöf í norsku var veitt vegna 28 nemenda utan Reykjavíkur á árinu. Nemendur í norsku í Reykjavík voru 66 haustið 2002 og var þeim kennt í fjórum skólum. Kennsluráðgjöf í sænsku var veitt vegna 63 nemenda utan Reykjavíkur. Nemendur í sænsku í Reykjavík voru 102 haustið 2002 og var þeim kennt í átta skólum (tölur 4.6 og 4.7 og mynd 4.4). Nemendum sem velja sænsku í stað dönsku hefur fækkað nokkuð undanfarin ár. Haustið 2002 voru 20 nemendur í „sértæku tungumálanámi“ í ensku og dönsku úr tveimur skólum og var námið ætlað nemendum með forskot í þessum tungumálum.

Námsráðgjöf

Frá hausti 2001 eru starfandi námsráðgjafar við alla grunnskóla í Reykjavík. Hlutverk þeirra er að standa vörð um velferð nemenda, styðja þá og liðsinna í málum er snerta nám, skólavist, framhaldsnám og starfsval. Námsráðgjafi er málsvari einstakra nemenda og trúnaðarmaður og aðstoðar þá við lausn persónulegra vandamála.

Námskeið fyrir bráðger börn

Reykjavíkurborg átti frumkvæði að samstarfi við Háskóla Íslands og landssamtökin Heimili og skóla um námskeið fyrir bráðger börn í Háskólanum sem hófust á árinu 2001. Tilgangur þessa verkefnis er að bregðast við óskum bráðgerra barna og forráðamanna þeirra um fleiri og fjölbreyttari námstilboð en almennt er boðið upp á í skólum og koma þar með betur til móts við þessa nemendur. Í verkefninu er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð þátttakenda, samvinnu, sköpun og verklegt og bóklegt nám, en jafnframt góða leiðsögn sérfræðinga á þeim sviðum sem um ræðir. Verkefni voru meðal annars á sviðum eðlisfræði, verkfræði, hagfræði, heimspeki, trúfræði, kvikmyndafraeði, þjóðfræði, tungumála, raftækni og stærðfræði. Kostnaður var greiddur af Fræðslumiðstöð, styrktaraðilum og þátttakendum, auk þess sem Háskólinn lagði fram aðstöðu og Heimili og skóli veitti vinnuframlag.

Tafla 4.6

Sænsku- og norskukennsla í Reykjavík 2002

Kennslustaður	Fjöldi nemenda í sænsku	Fjöldi nemenda í norsku
Árbæjarskóli	8	11
Foldaskóli	13	
Hagaskóli	8	12
Hlíðaskóli	6	
Langholtsskóli	14	
Laugalækjarskóli		17
Miðbæjarskóli	18	
Réttarholtskóli	21	
Seljaskóli	14	
Fjarkennsla		26
Samtals	102	66


Tafla 4.7

Kennsluráðgjöf vegna nemenda í norsku og sænsku utan Reykjavíkur skipt eftir landshlutum

Landsvæði	Fjöldi nemenda í sænsku	Fjöldi nemenda í norsku
Nágrannasveitarfélög	15	9
Reykjanes	3	3
Vesturland	3	4
Vestfirðir	4	1
Norðurland vestra	5	1
Norðurland eystra	17	5
Austurland	4	2
Suðurland	12	3
samtals	63	28

Mynd 4.4

Fjöldi nemenda í norsku og sænsku í Reykjavík á árunum 1998-2002





Vorið 2002 voru haldin 11 námskeið fyrir bráðger börn og sóttu þau 125 nemendur. Haustið 2002 voru 13 námskeið haldin og sóttu þau 128 nemendur í 6. - 9. bekk. Þetta ár var nágrannasveitarfélögum boðið að taka þátt í þessu verkefni og komu þaðan 105 nemendur á námskeiðin.

Skimunarpróf

Í öllum almennum grunnskólum í Reykjavík voru hreyfi- og þroskaþróf lögð fyrir nemendur í 1. bekk á árinu. Tilgangur þeirra er að greina stöðu nemenda svo auðveldara sé að miða nám og þjálfun við þarfir hvers og eins. Þau er því mikilvægur grunnur að því að miða nám einstakra nemenda við stöðu þeirra á hverjum tíma.

Skimunarpróf í lestri var lagt fyrir nemendur í 2. bekk vorið 2002 og stóðust 67% nemenda aldursbundin viðmið um árangur, þ.e. töldust geta lesið sér til gagns samkvæmt þeirri skilgreiningu að ná a.m.k. 65% árangri á prófinu. Fylgjast þarf með þeim 33% nemenda sem ekki náðu þessum viðmiðum og veita þeim sérstakan stuðning í lestri við upphaf 3. bekkjar. Tilgangur þessara skimana er að greina lestrarvanda einstakra nemenda og gera val á nemendum í sérkennslu í lestri markvissara (mynd 4.5).


Árangur á samræmdum prófum

Grunnskólanemendur þreyttu samræmd könnunarpróf á árinu 2002 í tveimur greinum í 4. og 7. bekk, stærðfræði og íslensku, og samræmd próf að eigin vali í allt að fimm greinum í 10. bekk, íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku og náttúrufræði. Nemendum var ekki skylt að taka prófin í 10. bekk.

Á samræmdum prófum í 10. bekk voru reykviskir nemendur yfir meðaltali normaldreifðra einkunnna í öllum fimm greinum og með hæstu normaldreifðu meðaleinkunn yfir landið í þremur greinum. Á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk var normaldreifð meðaleinkunn í Reykjavík í meðaltali í stærðfræði í báðum árgöngum en yfir meðaltali í íslensku í báðum árgöngum (tölur 4.8 til 4.10). Alls luku 90 nemendur í 9. bekk einu eða fleiri samræmdum prófum 10. bekkjar vorið 2002 (tafla 4.11).

Mynd 4.5

Hlutfall nemenda sem gátu lesið sér til gagns haustið 2001 og vorið 2002¹⁾



1) Lesskimunarpróf var lagt fyrir 3. bekk í nóvember 2001 og 2. bekk í apríl/maí 2002.

Tafla 4.8

Niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk vorið 2002¹⁾

	Stærðfræði	Íslenska	Danska	Enska	Náttúrufræði
Reykjavík	5,2	5,3	5,2	5,4	5,6
Nágrenni Reykjavíkur	5,3	5,1	5,4	5,1	5,2
Suðurnes	4,4	4,2	4,9	4,5	4,2
Vesturland	4,9	4,8	4,7	4,7	4,3
Vestfirðir	4,7	4,7	4,7	4,5	4,4
Norðurland vestra	4,7	4,9	4,6	4,4	4,6
Norðurland eystra	4,8	4,8	4,6	4,7	4,7
Austurland	4,6	4,9	4,9	4,7	4,4
Suðurland	4,5	4,5	4,4	4,3	4,4
Landið allt	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0

1) Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 1-9.

b) Skóli án aðgreiningar

Fræðsluráð samþykkti stefnu um sérkennslu árið 2001. Meginleiðarljós hennar er skóli án aðgreiningar. Það felur í sér að skóli sé fær um að sinna öllum nemendum sínum, jafnt fötluðum sem ófötluðum, og að allir nemendur eigi kost á að sækja hverfis-skóla sinn. Þó er gert ráð fyrir að um 1% nemenda stundi nám í sérskólum og sérhæfðum sérdeildum og hafi foreldrar val um almennan skóla, sérskóla eða sérhæfða sérdeild fyrir barn sitt.

Lögð er áhersla á sjálfstæði skóla í úrlausn vanda nemenda, skólar eru hvattir til að viðhafa sveigjanlega kennsluhætti svo námið taki mið af ólíkum nemendum, einstaklingsmiða námið og séraðstoð fari sem mest fram inni í bekk eða námshópi eða með tveggja kennara kerfi. Í öllum skólunum verði sérkennsluver þar sem er miðstöð sérkennslu og sérúræða í skólanum og stjórnandi sérkennslu sem stýrir verinu og sinnir skipulagi og ráðgjöf við kennara. Komið verði upp stuðningsteymi fyrir kennara vegna nemenda í náms- og hegðunarvanda í hverjum skóla og gerðar einstaklingsnámskrár fyrir alla nemendur í sérkennslu. Nemendur í atferlisvanda eigi kost á atferlisþjálfun.

Framkvæmd sérkennslustefnu

Gert var ráð fyrir að sérkennslustefnan kæmi til fullra framkvæmda í áföngum á árunum 2002-2004. Á árinu 2002 var stefnunni fylgt skipulega eftir í borgarhlutum 3 og 4, þ.e. Breiðholti-Árbæ og Grafarvogi. Sett voru á fót sérkennsluver í skólunum, settir stjórnendur sérkennslu þar sem þeir voru ekki fyrir og stofnuð stuðningsteymi sem ætlað er að styðja kennara í starfi sínu.

Haldin voru tvö námskeið í atferlisþjálfun á árinu með fyrirlestrum sem dreifðust á sjö daga yfir önnina og verkefnum undir vikulegri handleiðslu um erfiða hegðun nemanda og nýtingu aðferða atferlisgreiningar til að breyta henni. Fyrra námskeiðið

Tafla 4.9

Niðurstöður samræmdra prófa í 7. bekk haustið 2002¹⁾

	Stærðfræði Íslenska	
Reykjavík	5,0	5,1
Nágrenni Reykjavíkur	5,1	5,2
Suðurnes	4,5	4,3
Vesturland	4,7	4,5
Vestfirðir	5,1	5,0
Norðurland vestra	4,9	4,9
Norðurland eystra	5,1	5,2
Austurland	5,0	5,0
Suðurland	4,8	4,8
Landið allt	5,0	5,0

1) Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 1-9.

Tafla 4.10

Niðurstöður samræmdra prófa í 4. bekk haustið 2002¹⁾

	Stærðfræði Íslenska	
Reykjavík	5,0	5,2
Nágrenni Reykjavíkur	5,1	5,0
Suðurnes	5,1	4,4
Vesturland	5,0	4,8
Vestfirðir	4,7	4,7
Norðurland vestra	4,9	5,2
Norðurland eystra	5,1	5,0
Austurland	5,1	5,6
Suðurland	4,6	4,9
Landið allt	5,0	5,0

1) Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 1-9.

Tafla 4.11

Fjöldi nemenda sem luku einu til fimm samræmdum prófum, ætluðum 10. bekk, við lok 9. bekkjar árið 2002

	Íslenska	Enska	Náttúrufræði	Stærðfræði	Danska	Norska	Sænska	Fjöldi nemenda
1 próf	2	29		7	22	3	21	84
2 próf	1	4		1	1		1	4
3 próf								
4 próf								
5 próf	2	2	2	2	2			2
Alls:	5	35	2	10	25	3	22	90





var fyrir tvo til þrjá kennara úr hverjum skóla í Grafarvogi og Fellaskóla á vorönn 2002 og luku 17 kennarar námskeiðinu. Það síðara var fyrir kennara í Árbæ-Breiðholti á haustönn 2002 og luku 15 kennarar námskeiðinu. Í lok ársins var lokið við gerð viðmiða vegna úthlutunar fjármagns vegna mikið fatlaðra nemenda.

Greining á sérkennsluþörf

Nemendur með mikla sérkennsluþörf fá sérstuðning í kjölfar greiningar frá sérhæfðum greiningarstofnunum eins og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Barna- og unglíngageðdeild Landsspítala-Háskólasjúkrahúss (BUGL), Sjónstöð Íslands og Heyrnar- og talmeinasstöð Íslands. Aðrir nemendur fá greiningu hjá sálfræðingi skólans til að undirbyggja séraðstoð og loks greina kennarar ýmiss konar námsvanda nemenda sinna með þar til gerðum skimunarprófum í lestri og stærðfræði. Niðurstöður lesskimunarprófsins Læsis sem lagt var fyrir nemendur í grunnskólum Reykjavíkur við lok 2. bekkjar vorið 2002 nýtast sem viðmið um sérkennslu í lestri (sjá hér að framan).

Um 9% nemenda sem innrituðust í 1. bekk haustið 2002 höfðu þegar fengið greiningu um sérkennsluþörf frá greiningarstofnunum eða Sérkennslu- og sálfræðideild Leikskóla Reykjavíkur (tafla 4.12). Þetta er örlítið lægra hlutfall en á síðasta ári, en almennt hefur þetta hlutfall farið hækkandi á undanförunum árum. Þetta er rúmlega helmingur þeirra nemenda sem njóta munu sérstuðnings á grunnskólaárum sínum. Reikna má með að nánast allir sjónskertir, heyrnar-skertir, líkamlega fatlaðir og greindarskertir nemendur hafi verið greindir áður en grunnskólaganga hefst. Þeir sem fyrst eru greindir eftir að grunnskólanám hefst eru einkum nemendur í geðrænum og félagslegum vanda og síðan nemendur sem þurfa sérstakan stuðning við að ná færni í lestri.

Tafla 4.12

Fjöldi 6 ára barna sem fengið höfðu greiningu hjá Sérkennslu- og sálfræðideild Leikskóla Reykjavíkur (SOS), Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR), Sjónstöð Íslands, Heyrnar- og talmeinasstöð Íslands og Barna- og unglíngageðdeild (BUGL)¹⁾

Ár	Fæðingarár	Fjöldi innritaðra í 1. bekk	Fjöldi nemenda frá SOS og GRR	Hlutfall
1995	1989	1.401	104	7,4%
1996	1990	1.462	105	7,2%
1997	1991	1.447	87	6,0%
1998	1992	1.467	92	6,3%
1999	1993	1.527	121	7,9%
2000	1994	1.486	124	8,3%
2001	1995	1.425	146	10,2%
2002	1996	1.457	136	9,3%

1) Einnig eru einhver börn með greiningu frá einkastofum.

Almenn sérkennsla, sérhæfðar sérdeildir og sérskólar

Samkvæmt nýrri sérkennslustefnu í Reykjavík skiptist sérkennsla annars vegar í sérkennslu í almennum skólum og hins vegar í sérkennslu í sérhæfðum sérdeildum og sérskólum. Með innleiðingu stefunnar er nú verið að flytja starfsemi almennra sérdeilda sem þjónað hafa nemendum úr nokkrum skólum inn í sérkennsluver almennu skólanna.

Í sérkennslu í almennum skólum njóta nemendur sérstaks stuðnings í sérkennsluveri skólans, ýmist í litlum námshópum innan eða utan bekkjar eða einstaklingslega inni í almennum bekk. Sumir njóta sérkennslu aðeins tímabundið eða fáa tíma á viku en aðrir meiri hluta skólatímans. Kennt er samkvæmt einstaklingsnámskrá eða hópnámskrá. Misjafnt er hvort nemendur njóta sérkennslu alla skólagöngu sína í grunnskóla eða hluta hennar. Alls nutu um 2.700 nemendur í almennum grunnskólum sérkennslu haustið 2002 eða um 20% heildarfjölda grunnskólanemenda í borginni sem er hærra hlutfall en verið hefur síðast liðin ár (tafla 4.13).

Sérhæfðar sérdeildir voru alls fimm í borginni og þjóna nemendum með ákveðna fötlun, s.s. blindum, heyrnarskertum, einhverfum og hreyfihömluðum nemendum. Sérhæfðar sérdeildir eru ýmist fyrir nemendur alls staðar að af landinu, nemendur úr allri borginni eða nemendur úr ákveðnum borgarhlutum. Í sérhæfðum sérdeildum voru 29 nemendur haustið 2002, þar af 26 úr Reykjavík. Nemendur á táknaálssviði Hlíðaskóla voru alls 16 haustið 2002 (voru bæði innritaðir í Hlíðaskóla og Vesturhlíðarskóla), þar af 11 úr Reykjavík.

Sérskólarnir fimm eru fyrir fjölfatlaða nemendur, þroskahefta, geðfatlaða og nemendur í miklum félagslegum vanda af öllu landinu eða aðeins úr Reykjavík. Nemendur sækja þá ýmist tímabundið eða til lengri tíma.



Tafla 4.13

Hlutfall nemenda í Reykjavík með sérkennslu 1996-2002

	Hlutfall af heildarfjölda 1996	Hlutfall af heildarfjölda 1998	Hlutfall af heildarfjölda 2000	Hlutfall af heildarfjölda 2002
Sérkennsla samkvæmt einstaklingsnámskrá	4,9%	4,6%	3,4%	2,7%
Sérkennsla samkvæmt hópnámskrá	9,1%	9,2%	5,0%	10,6%
Sérkennsla samkvæmt einstaklings- og hópnámskrá				3,0%
Engin sérstök námskrá			7,2%	1,6%
Almennar sérdeildir, 1.-7. bekkur	0,6%	0,5%	0,5%	0,4%
Almennar sérdeildir, 8.-10. bekkur	0,6%	0,6%	0,6%	0,5%
Sérskólar og sérhæfðar sérdeildir	1,2% ¹⁾	0,9% ¹⁾	1,1% ¹⁾	1,4%
Samtals	15,2%	14,9%	16,7%	20,1%

1) Nemendur með lögheimili utan Reykjavíkur ekki meðtaldir.

Tafla 4.14

Fjöldi nemenda í sérhæfðum sérdeildum, sérsviðum og sérskólum 1999-2002

Skóli	1999	2000	2001	2002
Blindradeild í Álftamýrarskóla	3	5	5	3
Dalbrautarskóli (nemendur í greiningu á BUGL)	13	19	12	14
Einholtsskóli (nemendur í félagslegum og hegðunarvanda)	16	20	19	19
Einhverfudeild í Hamraskóla	5	4	5	4
Einhverfudeild í Langholtsskóla	7	6	7	8
Hlíðarhúsaskóli (nemendur með geðrænan vanda)			7	8
Hreyfihömlunardeild í Hlíðaskóla	7	6	7	7
Málörvunardeild í Hlíðaskóla	7	6	5	10
Safamýrarskóli (fjölfatlaðir nemendur)	26	20	23	22
Vesturhlíðarskóli, táknmálssvið í Hlíðaskóla ¹⁾	21	20	18	16
Öskjuhlíðarskóli (þroskaheftir nemendur)	89	96	97	96
Samtals	194	202	205	207

1) Á árunum 1999-2001 er tilgreindur nemendafjöldi í Vesturhlíðarskóla.

Tafla 4.15


Skipting sérkennslustunda á árganga¹⁾

Árgangur	Fjöldi stunda	Hlutfall
1. bekkur	234	6,6%
2. bekkur	372	10,5%
3. bekkur	409	11,6%
4. bekkur	436	12,3%
5. bekkur	396	11,2%
6. bekkur	383	10,8%
7. bekkur	443	12,5%
8. bekkur	303	8,6%
9. bekkur	315	8,9%
10. bekkur	244	6,9%
Samtals	3.533	100,0%

1) Upplýsingar um fjölda stunda vantar frá einum skóla.

Mynd 4.6

Skipting kennslumagns í grunnskólum Reykjavíkur í almenna kennslu og sérkennslu



Fjöldi nemenda í sérskólum 1. okt. 2002 var alls 169, þar af úr Reykjavík 113. Alls voru um 1,4% nemenda í Reykjavík í sérhæfðum sérdeildum, sérsviðum og sérskólum haustið 2002. Tæplega fjórðungur alls kennslumagns í grunnskólum Reykjavíkur var í sérkennslu í almennum grunnskólum, sérhæfðum sérdeildum og sérskólum (tölur 4.13, 4.14 og 4.15 og mynd 4.6).

Sjúkrakennsla á sjúkrahúsum

Með sjúkrakennslu á sjúkrahúsum er lögd áhersla á að nemendur sem liggja þurfa um tíma á sjúkrahúsi geti haldið námi sínu áfram þrátt fyrir fjarveru úr skóla. Stjórn og fagleg umsjón með sjúkrakennslu á Landsspítala-Háskólasjúkrahúsi er í höndum Austurbæjarskóla. Nemendur eru af öllu landinu og voru þeir tæplega 160 á árinu og nutu kennslu að meðaltali í 5 daga hver (tafla 4.16). Með aukinni tækni hefur opnast nýr möguleiki fyrir nemendur að tengjast sínum bekk með gagnvirkum fjarkennslubúnaði. Nemendur sem liggja langdvölum á sjúkrahúsi eða um 1-2% sjúklinganna nýttu sér þessa tækni á árinu. Fjöldi nemenda í sjúkrakennslu á sjúkrahúsum hefur dregist mjög saman á undanförunum árum.

Dalbrautarskóli sér um kennslu nemenda sem eru í greiningu á Barna- og unglingageðdeild Landsspítalans og Einholtsskóli sér um kennslu nemenda sem eru í greiningu á Stuðlum vegna fíkniefnaneyslu. Á Stuðlum eru 8 nemendur í einu og eru nemendur þar að meðaltali 6 vikur í senn. Þar eru kenndar kjarnagreinar og myndmennt og fá nemendur 37 kennslustundir á viku.

Nemendur sem liggja veikir heima eiga rétt á heimakennslu ef veikindi vara lengur en fimm daga og er miðað við fimm stunda kennslu á viku.

Tafla 4.16

Yfirlit yfir kennslu á sjúkrahúsum 1997-2002

	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Fjöldi nemenda	252	286	215	224	187	157
Heildarfjöldi kennsludaga	1542	1395	1805	1177	824	824
Fjöldi kennsludaga á nemanda	6,1	4,9	8,4	5,3	5,2	5,2

Nemendur með íslensku sem annað tungumál


Í grunnskólum Reykjavíkur er lögð áhersla á að kenna erlendum innflytjendum íslensku sem allra fyrst.

Nemendur 9-15 ára byrja sitt fyrsta ár í svonefndri móttökudeild þar sem lögð er áhersla á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli ásamt aðlögun að íslensku samfélagi og um leið viðurkenningu á menningarlegum bakgrunni nemenda.

Nemendur fá kennslu í íslensku máli og menningu í 20 kennslustundir á viku en sækja nám í listum og verkgreinum og fleiru með öðrum nemendum á sínum aldri. Móttökudeildir eru nú í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Breiðholtsskóla. Eftir árið fara þeir alla jafnan í sinn heimaskóla og setjast í almennan bekk en fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Nemendur 6-8 ára fara beint í almennan bekk í hverfis-skóla en fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli sem skólinn skipuleggur.


Nemendur 9-15 ára í móttökudeildum voru alls 51 haustið 2002 (mynd 4.8a). Íslenska sem annað tungumál var kennd í öllum almennum grunnskólum í Reykjavík og tveimur einkareknum skólum haustið 2002, alls um 450 nemendum (mynd 4.7). Nemendur sem fá þessa kennslu eru langflestir af erlendum uppruna en hluti þeirra er af íslenskum ættum og hefur verið langdvölum erlendis. Alls eru töluð um 40 tungumál í grunnskólum Reykjavíkur (sjá mynd 4.8b).

Mynd 4.8a



Mynd 4.8b


Algengasta þjóðerni nemenda sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli¹⁾



1) Miðað er við átta nemendur eða fleiri af sama þjóðerni.




Fjöldi nemenda með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eftir skólum^{1) 2)}



1) Nemendur í móttökudeildum ekki meðtaldir.
2) Alls 458.


Mynd 4.9

Hlutfall skóla með teymi um þjónustu við nemendur með íslensku sem annað tungumál 2001-2002



Mynd 4.10

Hlutfall skóla með stefnu um fjölmenningskennslu í skólanámskrá



Fjárúthlutun til skóla vegna kennslu í íslensku sem öðru tungumáli er einstaklingsmiðuð. Um áramót er úthlutað miðað við upplýsingar frá skólum um fjölda nemenda og aftur um haustið og þá leiðrétt vegna nemenda sem bæst hafa við eða flust milli skóla. Úthlutað er eftir viðmiðum um þjónustu við nemendur með íslensku sem annað tungumál með hliðsjón af aldri, dvalartíma á landinu, uppruna og færni í íslensku. Miðað er við að nemendur fái kennslu í íslensku sem öðru tungumáli fyrstu fjögur til fimm árin sem þeir dvelja á landinu. Nemendur með tónamál að móðurmáli fá kennslu í íslensku allan grunnskólan sé þess þörf. Um 120 börn fá hámarksúthlutun, það eru þau sem eru á fyrsta ári í almennum bekk grunnskóla. Miðað er við að lágmarki tvo tíma á hvern einstakling á viku, en kennt er í hópum þannig að hver nemandi er fleiri tíma í íslensku en þessu nemur.

Um 73 íslenskir nemendur (báðir foreldrar íslenskir) sem dvalið hafa langdvölum erlendis (sex ár eða lengur) hófu nám í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2002.

Rúmlega þriðjungur almennra grunnskóla eða 38% voru komnir með teymi starfsmanna um þjónustu við nemendur með íslensku sem annað tungumál haustið 2002 og um 18% höfðu mótað sér stefnu um fjölmenningskennslu í skólanámskrá (myndir 4.9 og 4.10).

c) Náin tengsl við grenndarsamfélagið

Allt frá starfsáætlun fræðslumála fyrir árið 1999 hefur verið lögð áhersla á tengsl skólanna við umhverfi sitt, þ.m.t. fjölskyldur nemenda, fyrirtæki og stofnanir í umhverfi skólans, aðra grunnskóla og leik- og framhaldsskóla. Loks hefur á síðari árum verið mörkuð stefna um að skólinn verði í ríkari mæli mennta-, frístunda- og menningarmiðstöð fyrir alla aldurshópa í hverfinu.

Með grenndarsamfélagi er annars vegar átt við landfræðilegt grenndarsamfélag, bæði náttúru og manngert umhverfi, sem gæti verið öll Reykjavík, borgarhluti eða skólahverfi. Hins vegar er átt við félagslegt grenndarsamfélag, svo sem fjölskyldur, vinahópa, fyrirtæki, stofnanir, félög og samtök ýmiss konar. Hugtakið grenndarsamfélag þarf því að afmarka í hvert sinn sem það er notað. Verkefni skóla er að skilgreina tengsl sín við nánasta umhverfi sitt í samhengi við annað skólastarf.

Meginmarkmið með víðtæku samstarfi skóla við ýmsa hagsmunaaðila er að:

- bæta námsárangur nemenda og auka þroska þeirra og þekkingu á umhverfinu
- móta og styðja margvíslegt félagsstarf í skólanum og styrkja innviði hverfisins
- bæta aðstöðu þeirra sem standa höllum fæti.

Samstarf við foreldra

Skólarnir starfa í nánnum tengslum við foreldra og forráðamenn nemenda um nám barna þeirra. Samstarfið fer fram í foreldra-viðtölum, með tölvusamskiptum, á foreldrafundum og ýmiss konar kynningarfundum og samkomum, auk óformlegra samskipta kennara og foreldra. Margs konar upplýsingar um skólafundi er nú að finna á heimasíðum skóla og skólar senda í auknum mæli kynningarefni, skóla-

handbók, fréttabréf og ýmiss konar upplýsingar heim með nemendum. Um 90% skólanna voru komnir með virka heimasíðu haustið 2002 en voru aðeins 70% ári áður. Tæplega 80% höfðu gefið út a.m.k. þrjú fréttabréf á ári í samanburði við tæplega 60% árið áður (tafla 4.17). Mikið efni um grunnskóla Reykjavíkur er nú að finna á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar.

Nánast allir skólarnir voru með námsefniskynningar fyrir foreldra allra árganga skólans að hausti 2002. Í skólum með yngri barna stig voru haldin námskeið fyrir foreldra 6 ára barna haustið 2002, auk kynningarfundu að vori fyrir foreldra 6 ára barna. Sambærileg námskeið voru í sumum skólum fyrir foreldra nemenda sem eru að hefja nám á unglingsstigi. Víða eru haldin ýmiss konar forvarnarnámskeið fyrir foreldra og börn þeirra, svo sem um lífsleikni, einelti, samræmd próf eða kynhegðun.

Foreldraráð og foreldrafélög starfa við alla grunnskóla borgarinnar. Haldnir eru fundir skólastjórnenda með foreldraráðum nokkrum sinnum á ári. Fulltrúar í foreldraráðum sækja árlega fundi um drög að starfsáætlun fræðslumála fyrir næsta ár sem haldnir eru á vegum Fræðslumiðstöðvar og SAMFOKs og voru sex slíkir fundir haldnir í nóvember á árinu 2002 um starfsáætlun 2003. Flest foreldrafélög standa á hverju ári fyrir uppákomum í samvinnu við skólann og sum efna til fjáröflunar og gefa skólanum gjafir.



Tafla 4.17

Hlutfall skóla sem eru með virka heimasíðu og gefa a.m.k. út þrjú fréttabréf á ári

	2001	2002
Hlutfall skóla með virka heimasíðu	70%	90%
Hlutfall skóla sem gefa a.m.k. út þrjú fréttabréf á ári	59%	79%



Vettvangsnám

Á hverju ári fara nemendur grunnskólanna í vettvangsferðir innan borgarmarkanna og utan. Ferðir eru farnar í fyrirtæki og stofnanir til að kynna starfsemi þeirra eða jafnvel til að leggja eitthvað að mörkum og farið er í menningarstofnanir til að njóta lista. Útivist, náttúruskoðun og ferðir á sögustaði eru liður í námi um náttúru og sögu, auk þess sem slíkar ferðir eru farnar til skemmtunar og yndisauka (tafla 4.18).

Á árinu voru í gangi mörg samstarfsverkefni sem náðu til skólanna allra og voru unnin í samstarfi við ýmsa aðila, gjarnan samkvæmt samningi. Þessi voru helst:

- Stóra upplestrarkeppnin (samstarf við Heimili og skóla, Íslenska málnefnd, Íslenska lestrarfélagið, Kennaraháskóla Íslands, Kennarasamband Íslands og Samtök móðurmálskennara)

- Lesið í skóginn (samstarf við Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélag Reykjavíkur og Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur)

- Dagblöð í skólum (samstarf við útgáfufyrirtæki dagblaðanna)

- Bráðger börn - verkefni við hæfi (samstarf við Háskóla Íslands og Landssamtökin Heimili og skóla)

- Tölvunámskeið fyrir eldri borgara (samstarf við Námsflokka Reykjavíkur)

- Kynslóðir saman (samstarf við Félagsstarf Gerðubergs)

- Töfrar Elliðaárdalsins (samstarf við Orkuveitu Reykjavíkur og Menningarmiðstöðina Gerðubergi)

- Skólavist (samstarf við Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, Staðardagskrá 21 og Sorpu)

- Lífríki Hafnarinnar (samstarf við Reykjavíkurhöfn og Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands)

- Dagur með bónda (samstarf við útgáfu- og kynningarsvið Bændasamtaka Íslands)

- Rétt með strætó og heimsókn á lögreglustöð (samstarf við Strætó bs og lögregluna í Reykjavík)

- Ljósberinn (samstarf um heilbrigðan lífsstíl barna og unglinga við Félagsþjónustuna í Reykjavík, ÍTR, Neyðarmóttökuna, Lögregluna í Reykjavík, Samfok, Landlæknisembættið og Menningarmiðstöðina Gerðubergi)

- Tæknin og skólinn (samstarf við Peocon ehf, Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands um kynningu á nýtingu tækni- og raungreina í störfum).

Starfsmaður í Vinnuskóla Reykjavíkur sem hefur umsjón með starfstengdu námi nemenda í efstu bekkjum grunnskólans er launaður af Fræðslumiðstöð að tveimur þriðju. Alls voru um 70 nemendur í starfstengdu námi í samvinnu Vinnuskólans og grunnskólanna skólaárið 2002.

Tafla 4.18

Vettvangsferðir nemenda árið 2002

Staðir	Fjöldi skóla	Fjöldi nemenda	Árgangar
Stofnanir og fyrirtæki			
Strætó, Lögreglan, Sorpa,	26	3.207	1.-10. bekkur
Þjóðmenningarhús og Gerðuberg	20	1.584	1.-7. og 9.-10. bekkur
Leikhúsferðir, fræðsla og sýningar	19	1.398	1.-10. bekkur
Söfn og sýningar	17	2.015	1.-10. bekkur
Mjólkursamsalan	17	842	3.- 4. og 9.-10. bekkur
Skólaferðalög/Skólabúðir/ Næturgistingar	15	1.049	5.-10. bekkur
Orkuveita Reykjavíkur (Rafheimar og Orkuheimar)	15	1.581	3.- 10. bekkur
Heimsóknir í kirkjur, aðallega í skólahverfinu	13	2.628	1.-7. bekkur
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn í Laugardal	10	1.533	1.-3. bekkur
Norræna húsíð	10	912	1.-7. bekkur
Útivistarferðir utan borgarmarka	10	1.009	1.-10. bekkur
Elliðaárdalur, Viðey, Heiðmörk, Þingvellir og nágrenni	8	882	1.-10. bekkur
Fjölmiðlaferðir	5	439	7. bekkur
Borgarbókasafn Reykjavíkur	5	223	4. bekkur
Aðrir staðir	15	2.343	1.-10. bekkur

Tafla 4.19

Fjölbjóðleg verkefni í grunnskólum Reykjavíkur árið 2002

Heiti verkefnis	Fjöldi þátttakenda	Árgangar	Samstarfsland/lönd	Skóli
Comenius	54	8. bekkur	Svíþjóð/Danmörk/Pólland/Tékl./Búlgaría	Austurbæjarskóli
Bréfaskriftir	35	7. bekkur	Svíþjóð	Álftamýrarskóli
Óhefðbundnir skóladagar	814	1.-10. bekkur	Spánn/Slóvakía/Eistland/Búlgaría	Árbæjarskóli
Planet Europe	7	9.-10. bekkur	Spánn/Slóvakía/Eistland	Árbæjarskóli
Lífsleikni, leið til lausnar	54	2., 3. og 7. bekkur	Norraen lönd	Ártúnsskóli
Possibilities of conflict regulation at the school and comparison between European schools	230	4.-5. og 7.-8. bekkur	Þýskaland/Slóvakía	Foldaskóli
Language as an Ethnic and Cultural Part of Instruction	60	4. bekkur	Austurríki/Írland/Danmörk	Foldaskóli
Innra mat, lestarkennsla á miðstigi	200	4.-7. bekkur	Bandaríkin	Foldaskóli
Innoed	280	4.-7. bekkur	Bretland/Noregur/Finnland	Foldaskóli
Comenius	100	4. bekkur	Holland/Danmörk/Ungverjaland/Írland	Grandaskóli
Stuttmyndagerð	45	10. bekkur	Noregur	Háteigsskóli
Kapp-Abel	60	9. bekkur	Noregur	Hlíðaskóli
Globe/umhverfisverkefni	66	6. bekkur	Fjöldi landa	Hlíðaskóli
Nutrition/health	200	5.-6. og 8.-9. bekkur	Ítalía/Frakkland	Hólabrekkuskóli
Nemendaskipti	41	10. bekkur	Danmörk	Hólabrekkuskóli
Ísland	30	9. bekkur	Finnland	Hvassaleitisskóli
Hátíðir	40	Ótilgreint	Finnland	Hvassaleitisskóli
Pennavinir	30	8. bekkur	Þýskaland	Hvassaleitisskóli
Betri líðan í skólanum	210	5.-10. bekkur	Þýskaland/Tékkland/Slóvenía	Hvassaleitisskóli
Health and well being	70	2.-4. bekkur	Ítalía/Danmörk/Malta	Korpuskóli
Íþróttir og leikir	92	6. og 8. bekkur	Portúgal/Svíþjóð/Tékkland	Langholtsskóli
Hvað gera nemendur í frítíma?	284	8.-10. bekkur	Finnland/Þýskaland	Laugalækjarskóli
Fairy tale	180	3.-6. bekkur	Svíþjóð/Spánn	Selásskóli
Fjölbreytni Evrópu	21	4. og 9. bekkur	Svíþjóð/Þýskaland	Öskjuhlíðarskóli
Samtals	3.203			

Nýting skólahúsnæðis utan skólatíma

Reykjavíkurborg hefur komið upp glæsilegu skólahúsnæði fyrir starfsemi grunnskóla. Lögð er áhersla á að það sé nýtt utan skólatíma á kvöldin, um helgar og á sumrin fyrir borgarbúa. Að sjálfsögðu er misjafnt hve auðvelt er að afmarka einstaka hluta bygginga til slíkra nota. ÍTR rak tólmundastarf sitt úti í skólunum, auk þess sem það starfrækti frístundaheimili (lengda viðveru) í tveimur borgarhlutum. Vinnuskóli Reykjavíkur og ÍTR fengu aðstöðu í skólunum vegna sumarstarfs, auk þess sem forskóli tónlistarskóla var starfræktur í nokkrum grunnskólum. Það færast auk þess í vöxt að félög og hópar leigi skólahúsnæði til félagsstarfsemi, svo sem funda eða kóræfinga.


Erlent samstarf

Á árinu 2002 tóku um 3.200 nemendur í 14 grunnskólum í Reykjavík þátt í fjölbjóðlegum verkefnum af ýmsu tagi ásamt nemendum í yfir 20 öðrum löndum, auk eins verkefnis sem nær nánast um allan heim. Mikill vöxtur hefur átt sér stað á þessum sviði á undanförunum árum (tafla 4.19 og mynd 4.11).

Liður í alþjóðlegu samstarfi eru heimsóknir nemenda til nemenda í öðrum löndum og gestir sem sækja okkar nemendur heim. Á árinu 2002 fóru yfir 50 nemendur 5. til 10. bekkjar úr fjórum skólum utan og voru 4-7 daga. Samtals heimsóttu um 140 erlendir nemendur 6 grunnskóla í Reykjavík á árinu og dvöldu hér í 3-7 daga. Flestir komu frá Norðurlöndum, en einnig bar gesti að garði frá Litháen og Þýskalandi (tölur 4.20 og 4.21).

Mynd 4.11

Heildarfjöldi þátttakenda í fjölbjóðlegum verkefnum 1999-2002



Tafla 4.20

Ferðir nemenda til útlanda árið 2002

Skóli	Land	Fjöldi nemenda	Árgangar	Lengd ferðar	Mánuður
Hlíðaskóli	Noregur	44	10. bekkur	5 dagar	Maí
Öskjuhlíðarskóli	Þýskaland	4	5. bekkur	7 dagar	Apríl
Langholtsskóli	Svíþjóð	4	6.-7. bekkur	7 dagar	Febrúar
Ártúnsskóli	Finland	2	7. bekkur	4 dagar	Nóvember
Samtals		54			

Tafla 4.21

Heimsóknir erlendra nemenda árið 2002

Skóli	Fjöldi gesta	Fæðingarár	Heimaland	Lengd heimsóknar	Mánuður
Hátægisskóli	45	1987	Noregur	4 dagar	október
Réttarholtsskóli	28	1987	Noregur	3 dagar	október
Hólabrekkuskóli	40	1987	Danmörk	5 dagar	maí
Klébergsskóli	16	1985 og 1988	Litháen	7 dagar	júní
Öskjuhlíðarskóli	10	1985 til 1988	Þýskaland	7 dagar	maí
Langholtsskóli	2	1990	Svíþjóð	7 dagar	apríl
Samtals	141				



Samstarf við tónlistarskóla

Á haustönn 2002 var starfræktur forskóli tónlistarskóla á vegum tónlistarskóla í borginni fyrir yngstu nemendurnar í um 16% grunnskóla með yngri barna stig eða í fimm skólum af 31. Í flestum tilfellum áttu nemendur kost á að sækja nám í forskólanum eftir lok hefðbundins skóladags. Foreldrar greiddu fyrir þessa kennslu. Tónskólinn Do Re Mi var með starfsemi í einum skóla í borgarhluta 1, eða Melaskóla, Tónskóli grunnskólanna í Grafarvogi var með starfsemi í þremur skólum í Grafarvogi, þ.e. í Hamra-, Húsa- og Foldaskóla. Tónskólinn á Klébergi starfar í Klébergsskóla og er undir stjórn skólustjóra grunnskólans.

Samstarf við leikskóla

Grunnskólar í Reykjavík með yngri barna stig eru í náninni samvinnu við leikskóla í hverfi sínu.

Hver grunnskóli tekur alla jafna við nemendum úr allt að þremur leikskólum. Samstarfið er einkum með þrennum hætti:

- Aðlögun og kynning sem fer fram með gagnkvæmum heimsóknum milli leik- og grunnskóla.
- Árlegir fundir eru haldnir um væntanlega nemendur í grunnskóla sem þurfa sérstuðning (sjá töflu 4.12).
- Skipulögð móttaka verðandi 1. bekkinga í grunnskólum. Markmiðið er að stuðla að vellíðan og öryggi barnanna á þessum tímamótum og byggja starfið í grunnskólanum á fyrri reynslu barnanna í leikskólanum til að stuðla að samfelli í námi. Á vorönn 2002 voru 25 skólar af 31 með sérstaka dagskrá til að kynna skólafélagið. Leikskólabörnin fá að vera í kennslustund, nestistíma og frímínútum á meðan foreldrar kynna sér skólann. Þetta eru jafn margir skólar og í fyrra.


Samstarf við framhaldsskóla

Það dregur stöðugt úr skörpum skilum á milli grunnskóla og framhaldsskóla. Nemendur í grunnskólum taka áfanga í framhaldsskóla, bæði bóklega og verklega, sem hluta af grunnskólanámi sínu og hluti nemenda í framhaldsskólum rifjar upp námsefni grunnskólans á þar til hugsuðum námsbrautum (almennar brautir). Nemendur í grunnskólum sækja annað hvort framhaldsskólanám í viðkomandi framhaldsskóla eða grunnskólinn sér um námið sem síðan er metið af framhaldsskólunum, gjarnan með því að sama próf er lagt fyrir nemendur í grunnskólanum og framhaldsskólanum

sem samstarf er við. Framhaldsskólar með áfangakerfi meta framhaldsskólaeiningar sem nemendur ljúka í grunnskóla inn í framhaldsnám þeirra. Alls luku rúmlega 100 nemendur í 15 grunnskólum í Reykjavík framhaldsskólaáföngum á vorönn 2002 og um 380 í 18 skólum á haustönn 2002. Flestir þessir áfangar voru í tungumálum, stærðfræði og málsmíði og voru teknir undir handleiðslu Fjölbrotaskólanna við Ármúla og í Breiðholti, Borgarholtsskóla og Menntaskólans við Hamrahlíð (mynd 4.12 og tafla 4.22).

Mynd 4.12


Fjöldi nemenda sem lokið hafa framhaldsskólaáföngum á unglíngastigi í Reykjavík á árunum 1999-2002



Tafla 4.22

Framhaldsskólaáfangar á unglíngastigi

Grunnskóli	Framhaldsskóli	Áfangar vor 2002	Fjöldi nemenda	Áfangar haust 2002	Fjöldi nemenda
Austurbæjarskóli	Menntaskólinn við Hamrahlíð			Stærðfræði 103	18
Álftamýrarskóli	Fjölbrotarskólinn við Ármúla			Náttúrufræði	6
Árbæjarskóli	Fjölbrotarskólinn við Ármúla			Bókfærsla, franska 103, þýska 103, stærðfræði 103, enska 102, tölvur 102,111,121,131	118
Árbæjarskóli	Borgarholtsskóli			Vélsmiði	11
Breiðholtsskóli	Fjölbrotarskólinn við Ármúla	Enska 103, stærðfræði 102	21		
Breiðholtsskóli	Fjölbrotarskólinn í Breiðholti			Enska 102, stærðfræði 102	14
Engjaskóli	Borgarholtsskóli	Málsmíði, félagsþjónustubraut	10	Málsmíði, stærðfræði 103	20
Fellaskóli	Fjölbrotarskólinn í Breiðholti	Stærðfræði 102-104	5	Stærðfræði 102-104	13
Foldaskóli	Borgarholtsskóli	Málsmíði, félagsþjónustubraut	11	Málsmíði	6
Foldaskóli	Fjölbrotarskólinn við Ármúla	Enska 102	19	Enska 102, stærðfræði 103	15
Hamraskóli	Borgarholtsskóli	Málsmíði, stærðfræði 103, enska 102	11	Málsmíði, stærðfræði 103, enska 102	11
Hólabrekkuskóli	Fjölbrotarskólinn í Breiðholti	Stærðfræði 103	9	Stærðfræði 103	9
Húsaskóli	Borgarholtsskóli	Þýska 103	12	Málsmíði, stærðfræði 103	8
Klébergsskóli	Borgarholtsskóli	Málsmíði	2	Málsmíði, enska 102	8
Langholtsskóli	Fjölbrotarskólinn við Ármúla	Franska 103			16
Réttarholtsskóli	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Stærðfræði 103, 203	4		
Rimaskóli	Borgarholtsskóli	Valgreinar			28
Seljaskóli	Fjölbrotarskólinn í Breiðholti	Þýska 103, enska 102			21
Vogaskóli	Fjölbrotarskólinn við Ármúla	Enska, danska 103, stærðfræði 102, náttúrufræði, tölvur 103			24
Vogaskóli	Borgarholtsskóli	Málsmíði			3
Ölduselsskóli	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Enska 102, stærðfræði 102, 103	10	Enska 103, danska 103, stærðfræði 102	33
Samtals			114		382



d) Sjálfstæði skóla - stjórnun - eftirlit

Grunnskólar í Reykjavík njóta faglegs sjálfstæðis innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og áhersluþátta sem mótaðir eru af fræðsluráði Reykjavíkur, auk ramma kjarasamninga. Stjórnskipulag skólans er í höndum hvers skólastjóra. Haustið 2002 voru um 71% skólanna komnir með skipurit.



Faglegt sjálfstæði skóla

Fagleg stýring grunnskóla af hálfu ríkisins er einkum í gegnum aðalnámskrá (sú nýjasta er frá árinu 1999), reglugerðir og úrskurði um túlkun laga og reglugerða, samræmd próf í þremur árgöngum og formlegt eftirlit með sjálfsmatsaðferðum skóla. Fagleg stýring borgarinnar er í gegnum starfsáætlun fræðslumála sem gefin hefur verið út árlega frá árinu 1997. Þar eru sett fram markmið um umgjörð skólustarfsins sem sett eru fram sem framtíðarsýn og hvatning til skóla um að leggja áherslu á ákveðna þætti í sínu innra starfi, sbr. áherslu á einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda, skóla án aðgreiningar og tengsl skóla við grenndarsamfélagið.

Tafla 4.23

Skil á skólanámskrá

	1998-1999	1999-2000	2000-2001	2001-2002	2002-2003 ¹⁾
Skila fullnægjandi skólanámskrá	24	15	28	32	36
Skila inn drögum eða hluta námskrár	5	10	5	6	5
Skila ekki	5	12	4	2	3
Skólar samtals	34	37	37	40	44

1) Einkareknir skólar meðtaldir árið 2002-2003.

Fjárhagslegt sjálfstæði skóla

Frá og með hausti 2002 tóku fjárhagsáætlanir skólanna að fullu mið af nemendafjölda og öðrum grunn-einingum, svo sem stærð húsnæðis. Reiknilíkanið sem reiknar fjárframlög til skólanna var endurskoðað á árinu með hliðsjón af reynslu skólaársins 2001-2002. Sérstöðu hverfa var mætt með viðbótarfjármagni til stjórnunar. Í upphafi árs skiluðu skólarnir rekstraráætlunum sínum til Fræðslumiðstöðvar. Nokkrir skólar höfðu sameiginlegan fjármálastjóra, eða alls 10 skólar. Tveir aðilar sinntu fjármálastjórninni og vann annar þeirra fyrir sex skóla og hinn fyrir fjóra. Bókhalds- og launaþjónusta skólanna er á Fræðslumiðstöð.

Skóladagatal og skólanámskrár/ starfsáætlanir skóla

Skólar gera sér skóladagatöl fyrir næsta skólaár að vori og eru þau lögð fram til staðfestingar í fræðsluráði Reykjavíkur í maí. Þar kemur m.a. fram heildarfjöldi skóladaga (180) og dagsetningar skóla- og skólaslita, vetrarfrí, jólaskeppndagar, foreldraviðtalsdagar, samstarfsdagar kennara utan (alls 8) og á skólatíma (alls 5) og prófdaga.

Á grunni stefnumótunar borgarinnar og aðalnámskrár móta skólarnir sér eigin starfsáætlun eða skólanámskrá. Þar kemur fram sérstaða skólans og áherslur hans. Árlega eru skólanámskrár eða starfsáætlanir grunnskóla í borginni yfirfarnar og metnar samkvæmt þar til gerðum gátlista sem aðgengilegur er á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar. Matið er í höndum deildarstjóra kennsludeildar og kennsluráðgjafa. Haustið 2002 höfðu allir skilað skólanámskrá fyrir skólaárið 2002-2003 utan einn almennur grunnskóli og tveir sérskólar. Aðeins einn af 5 einkareknum skólum skilaði skólanámskrá. Alls voru 36 skólar af 44 með fullnægjandi skólanámskrár samkvæmt mati (hafði fjölgað um einn frá fyrra ári), en 5 skiluðu drögum eða hluta skólanámskrár (tafla 4.23).

Eftirlit með skólastarfi

Eftirlit með skólunum á vegum Fræðslumiðstöðvar fer fram með yfirferð yfir skóladagatöl, skólanám-skrár og rekstraráætlanir skóla ásamt reglubundnu kostnaðareftirliti allt árið. Jafnframt fer eftirlit fram með spurningalistum í lok hverrar annar, skimunum, svo sem í lestri, og þjónustukönnunum meðal foreldra, nemenda og starfsmanna. Á árinu komu út skýrslur um könnun á viðhorfum foreldra til starfsemi grunnskóla í Reykjavík, vinnu-staðagreiningu sem var mæling á starfsánægju og viðhorfum starfsmanna Fræðslumiðstöðvar og grunnskóla Reykjavíkur og Börnin í borginni sem var könnun á liðan og viðhorfum nemenda í 5.-10. bekk grunnskóla vorið 2001. Hver skóli fékk sérstaka skýrslu um niðurstöður fyrir skólann í framhaldi af öllum þessum þremur skýrslum (sjá einnig 2. kafla).

Á árinu 2001 voru gerð fyrstu drög að skorkorti (balanced score card) fyrir fræðslumál í Reykjavík sem er hluti af skorkorti borgarinnar og er liður í að bæta stöðugt þjónustu við borgarbúa. Í það eru valdir mikilvægir mælikvarðar til að sjá afrakstur starfsins. Kortið skipist í fjóra megin-kafla: Þjónustu, fjármál, innri ferla og starfsmenn.

Grunnskólar Reykjavíkur hafa allir hafið sjálfsmat með einhverjum hætti. Það byggir meðal annars á fyrirliggjandi gögnum í skólunum, sameiginlegum könnunum og skimunum í Reykjavík og könnunum og athugunum sem skólarnir gera vegna matsins. Á árinu voru metnar á vegum menntamálaráðuneytisins sjálfsmatsaðferðir alls 23 skóla og fengu tveir skólar þar af, Árbæjarskóli og Engjaskóli, þann úrskurð að sjálfsmatsaðferðir þeirra væru fullnægjandi. Ráðuneytið hafði í lok ársins metið sjálfsmatsaðferðir 34 skóla í Reykjavík af alls 44.

e) Jafnræði í umgjörð skólastarfsins

Haustið 2002 náðist það langþráða takmark að allir grunnskólar Reykjavíkur urðu einsetnir þegar Folda-, Hlíða-, Hólabrekku- og Selásskóli urðu einsetnir (sjá töflu 4.24). Stóraukið húsnæði skólanna eftir einsetningu allra grunnskóla borgarinnar gerir skólum auðveldara en áður að skipuleggja nám og kennslu eins og stefnt er að.

Áætlanir um húsnæði og búnað

Haustið 2002 hófst vinna við gerð nýrrar 5 ára áætlunar um húsnæði grunnskóla Reykjavíkur á vegum Fasteignastofu Reykjavíkurborgar (áður byggingadeild borgarverkfræðings) og Fræðslumiðstöðvar. Niðurstöður þeirrar vinnu liggja fyrir á árinu 2003. Jafnhliða er unnið sérstaklega að áætlunum um skólasmötuneyti, skólalóðir, tölvulagnir, lausan búnað skólanna og viðhald bygginganna til lengri tíma.



Tafla 4.24

Yfirlit yfir einsetningu almennra grunnskóla

Skóli	Einsetningarár
Hagaskóli	1977
Réttarholtskóli	1977
Laugalækjarskóli	1979
Fossvogsskóli	1989
Klébergsskóli	1989
Breiðagerðisskóli	1994
Laugarnesskóli	1994
Vogaskóli	1994
Ölduselsskóli	1994
Breiðholtsskóli	1995
Húsaskóli	1995
Rimaskóli	1995
Austurbæjarskóli	1996
Hamraskóli	1996
Langholtsskóli	1996
Árbæjarskóli	1997
Engjaskóli	1997
Grandaskóli	1997
Seljaskóli	1997
Háteigsskóli	1998
Fellaskóli	1999
Korpuskóli	1999
Melaskóli	1999
Vesturbæjarskóli	1999
Borgaskóli	2000
Hvassaleitisskóli	2000
Álftamýrarskóli	2001
Ártúnsskóli	2001
Ingunnarskóli	2001
Víkurskóli	2001
Foldaskóli	2002
Hlíðaskóli	2002
Hólabrekkuskóli	2002
Selásskóli	2002

Tafla 4.25

Húsnæði almennra grunnskóla í Reykjavík haustið 2002

	Fjöldi bekkjardeilda/ umsjónarhópa haust 2002	Fjöldi almennra kennslustofa og sérgreinastofa	Þar af fjöldi færanlegra stofa	Skóladagvist, sérkennslu- rými ofl.	Stærð varanlegs húsnæðis	Nýttar kennslustofur eftir að kennslu lýkur á daginn að meðaltali ¹⁾
Austurbæjarskóli	28	36	4	15	5.635	9
Álftamýrarskóli ²⁾	19	27	0	8	5.310	3
Árbæjarskóli	37	46	8	9	9.020	5
Ártúnsskóli	10	16	0	4	3.066	5
Borgaskóli	21	30	4	4	4.842	3
Breiðagerðisskóli ³⁾	17	23	5	9	3.925	6
Breiðholtsskóli	30	41	9	6	6.931	4
Engjaskóli	22	33	5	6	4.967	4
Fellaskóli	26	38	0	10	8.604	5
Foldaskóli	30	43	0	5	7.266	8
Fossvogsskóli	16	24	0	3	3.963	2
Grandaskóli	20	25	0	5	4.208	11
Hagaskóli	23	36	0	2	6.278	0
Hamraskóli	19	28	2	7	4.014	3
Háteigsskóli	20	30	0	3	4.199	2
Hlíðaskóli ⁴⁾	28	34	2	20	7.445	0
Hólabrekkuskóli	30	41	0	9	6.777	1
Húsaskóli	22	34	5	4	4.592	0
Hvassaleitisskóli	17	25	0	4	4.274	5
Ingunnarskóli	7	13	13	0	0	4
Klébergsskóli ⁵⁾	11	15	4	0	1.378	1
Korpuskóli	11	15	0	3	1.869	3
Langholtsskóli	25	35	0	4	6.417	4
Laugalækjarskóli	13	20	0	2	4.172	0
Laugarnesskóli	19	31	5	8	3.735	7
Melaskóli ⁶⁾	28	41	0	14	5.662	3
Réttarholtsskóli ⁷⁾	13	21	0	12	5.205	0
Rimaskóli	38	41	10	12	7.645	12
Seláskóli	20	29	3	4	5.115	3
Seljaskóli	32	45	5	7	6.526	1
Vesturbæjarskóli ⁸⁾	17	20	0	6	3.604	1
Víkurskóli	9	22	0	2	3.682	1
Vogaskóli	20	23	8	4	2.715	8
Ölduselsskóli	32	35	6	12	5.844	21
Samtals:	730	1.016	98⁹⁾	223	168.885	145

1) Kennslustofur m.a. nýttar fyrir ÍTR, tónlistarskóla, kóra o.fl.

2) Leiguhúsnæði fyrir skóladagvist ekki meðtalið, 130 m².

3) Mosgerði 14A er talið með.

4) Skóladagvist v/Vesturhlíðarskóla er talin með.

5) Sundlaug og íþróttahús ekki meðtalin.

6) Sérdeild Hagamel 19 er talin með.

7) Bjarkarhlíð er talin með.

8) Skóladagvist Vesturvallagötu 10 og 12 ekki talin með, 372 m².9) Færanleg kennslurými grunnskóla, 6.801 m².

Tafla 4.27

Færanlegar kennslustofur sem fluttar voru á árinu

Fluttar að eftirtöldum skólum	Fjöldi stofa
Borgaskóli	4 stofur
Breiðholtsskóli	2 stofur
Ingunnarskóli	2 stofur
Rimaskóli	2 stofur
Seljaskóli	2 stofur
Ölduselsskóli	2 stofur
Vogaskóli	2 stofur
Waldorfskólinn	2 stofur
Samtals	18 stofur

Stærð húsnæðis

Heildarflatarmál skólahúsnæðis almennra grunnskóla í Reykjavík var tæplega 169.000 m² haustið 2002 og hafði aukist um 11.600 m² frá fyrra ári (sjá töflu 4.25).

Við grunnskóla Reykjavíkur voru 98 færanlegar kennslustofur haustið 2002. Eins og áður voru stofur fluttar á milli skóla á árinu í samræmi við þörf, alls 18 stofur (tafla 4.27).

Nýbyggingar og breytingar á húsnæði

Miklar byggingaframkvæmdir voru við grunnskóla Reykjavíkur á vegum Fasteignastofu Reykjavíkurborgar og er gerð grein fyrir þeim í töflu 4.26.

Tafla 4.26

Nýbyggingar, breytingar og viðhald skólahúsnaðis

Skóli	Nýbyggingar og breytingar á húsnaði	Viðhald á skólahúsnaði
Austurbæjarskóli	Búnaðar kaup vegna viðbyggingar og minniháttar breytingar í eldra húsi.	Böð og búningssklefar vegna íþróttasalar voru endurbætt.
Álftamýrarskóli	Lokið við breytingar innanhúss og endurgerð lóðar næst viðbyggingu að austanverðu.	Veggflísar í búningssklefum voru endurnýjaðar. Gerðar voru endurbætur á ofnakerfi í suðurálmum.
Árbæjarskóli	Unnið að frágangi viðbyggingar og endurbótum innanhúss. Tekinn í notkun síðasti hluti viðbyggingar (404 m ²). Gerðar voru minniháttar lagfæringar á eldhúsi.	Unnið var að endurbótum á pípuöngnum og brunaviðvörðunarkerfi og endurnýjuð hreinsitæki í sundlaug.
Ártúnsskóli	Unnið að smíði viðbyggingar og breytingum í eldra húsi. Viðbygging (868 m ²) tekin í notkun haustið 2002.	Reglubundið viðhald.
Borgaskóli	Unnið að ýmiss konar frágangsvinnu.	Reglubundið viðhald.
Breiðagerðisskóli	Byggingahópur vann að undirbúningi viðbyggingar.	Unnið var við endurbætur á ofnakerfi.
Breiðholtsskóli	Unnið var að endurnýjun hluta lóðar.	Íþróttagólf var lakkað.
Dalbrautarskóli		Reglubundið viðhald.
Einholtsskóli		Reglubundið viðhald.
Engjaskóli	Sett var upp girðing á lóð.	Endurbætur voru gerðar á loftræstikerfi íþróttahúss.
Fellaskóli	Unnið að breytingum og endurbótum innanhúss.	Lokið var við utanhússklæðningu á unglingaálmum. Þak barnaálmum var málað.
Foldaskóli	Haustið 2002 voru teknar í notkun sérgreinastofur í hluta viðbyggingar (861 m ²) og varð skólinn þar með einsetinn.	Nokkrar rafmagnstöflur voru endurnýjaðar.
Fossvogsskóli	Lokið var við mótuneyti.	Hljóðvist í sal 1. áfanga var lögð.
Grandaskóli		Þakrennur voru endurbættar.
Hagaskóli		Teppi á áhorfendapöllum var endurnýjað og unnið að endurbótum á raföngnum í skólahúsi.
Hamraskóli	Unnið að hönnun á kjallara og endurskipulagningu innanhúss. Um er að ræða aðstöðu fyrir einhverfa, félagsaðstöðu nemenda, stjórnunaraðstöðu og sérgreinastofur.	Lýsing hússins að utan var endurbætt.
Háteigsskóli		Gólfdukur var endurbættur í A-álmum, einnig voru gerðar ýmsar lagfæringar í nýbyggingu.
Hlíðaskóli	Hluti viðbyggingar (um 1.157 m ²) tekinn í notkun haustið 2002 og skólinn þar með einsetinn.	Viðgerð fór fram á leka sem var á böðum íþróttahúss.
Hólabrekkuskóli	Tekin var í notkun viðbygging (1.275 m ²) og eldhús standsett í eldri hluta hússins. Skólinn varð þar með einsetinn.	Grafið var frá norðurhlíð 1. áfanga, gluggar stækkaðir á skólastofum og hliðin klædd að utan.
Húsaskóli		Lýsing hússins að utan var endurbætt.
Hvassaleitisskóli		Lóð norðan viðbyggingar var endurbætt og loft í matsal endurnýjað með tilliti til eldvarna og hljóðvistar.
Ingunnarskóli	Unnið að undirbúningi og hönnun byggingar.	
Klébergsskóli	Unnið við viðbyggingu og endurskipulagningu á eldra húsnaði skólans. Hluti viðbyggingar (247 m ²) tekinn í notkun.	Þakjárn á nyrsta skólahúsinu var endurnýjað.
Korpuskóli	Unnið að innréttingu innanhúss.	Reglubundið viðhald.
Langholtsskóli	Unnið að hönnun á viðbyggingu og endurskipulagningu innanhúss á grundvelli samkeppnistillögu.	Unnið var við endurbætur á lögnum.
Laugalækjarskóli	Breytingar og endurbætur gerðar í norðurhúsi (1.597 m ²). Unnið að hönnun tengibyggingar.	Reglubundið viðhald.
Laugarnesskóli	Lokið við skýrslu byggingarhóps um viðbyggingu við skólann.	Þiljur og karmar voru slípaðir og lakkaðir.
Melaskóli	Unnið var í lóð milli viðbyggingar og eldra skólahúss.	Hurðir kennslustofa voru endurnýjaðar með tilliti til eldvarna.
Réttarholtsskóli	Unnið að hönnun breytinga á bókasafni, vinnuaðstöðu kennara o.fl.	Þak á C-álmum var endurnýjað.

Framhald á næstu síðu.

Framhald af fyrri síðu.

Rimaskóli	Gerðar voru minniháttar lagfæringar á eldhúsi.	Lokið var við frágang við leirbrennsluofn.
Safamýrarskóli		Keyptur var mælíbúnaður vegna sundlaugar.
Selásskóli	Viðbygging tekin í notkun (1.519 m ²) og skólinn þar með einsetinn.	Reglubundið viðhald.
Seljaskóli		Unnið var við uppsetningu á töflulýsingu og breytingar á ljósarofum í kennslustofum, lagaðar rafmagnstöflur og skipt um gluggajárn.
Vesturbæjarskóli		Múrviðgerðir fóru fram á útveggjum skólans.
Vesturhlíðarskóli		Reglubundið viðhald.
Víkurskóli	Annar verkáfangi hússins (um 2.410 m ²) var tekinn í notkun haustið 2002.	Reglubundið viðhald.
Vogaskóli	Settar voru niður færanlegar skólastofur við skólann.	Unnið að lagfæringu á gólfdukkum og lagfæringar gerðar á rafmagnskerfi.
Ölduselsskóli		Lokið var við endurnýjun loftaefna.
Öskjuhlíðarskóli		Lagfæringar í tengslum við loftræstikerfi gerðar og unnið að lagfæringum að kröfu eldvarnareftirlits.
Færanlegar stofur		Stofur voru málaðar.
Annað	Unnið var við endurbætur á tölvu-, raf- og símalögnum við ýmsa skóla.	

Undirbúningur skólabyggingar í Staðahverfi hófst í upphafi árs á vegum Fasteignastofu og Fræðslumiðstöðvar með svipuðum hætti og gert var vegna Ingunnarskóla á árinu 2001. Um 30 manna hópur fólks úr ýmsum áttum, foreldrar, skólafólk og aðilar úr byggingamáli, fóru á sjö fundum í gegnum ákveðið 12 þrepa ferli sem nefnt hefur verið „Undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða“ (Design Down Process). Með þessu ferli er leitast við að tengja saman í eina samfellda heild skipulag skólastarfs, hönnun byggingar og þátttöku grenndarsamfélagsins í námi nemenda. Niðurstöðum hópsins er lýst í skýrslu sem út kom í desember 2002.

Viðhald á skólahúsnæði

Fasteignastofa Reykjavíkurborgar sér um viðhald skólahúsnæðis samkvæmt verkáætlun í samvinnu við Fræðslumiðstöð og skólastjóra viðkomandi skóla (sjá töflu 4.26). Tilfallandi viðhald húsnæðis var í höndum Fræðslumiðstöðvar, en á árinu var ákveðið að það færdist yfir til Fasteignastofu frá og með 1. janúar 2003.

Búnaður

Fjármagni til búnaðarkaupa er úthlutað sérstaklega til málaflokka borgarinnar. Á árinu komu 229 millj. kr. í hlut fræðslumála sem var fjögurra millj. kr. hækkun frá fyrra ári. Um 60 millj. kr. skiptust á milli skólanna. Um 9 millj. kr. fóru til endurnýjunar símkerfa og kaupa á eftirlitsmyndavélum til eignavörslu. Þær voru settar upp við Vesturbæjarskóla og Langholtsskóla, en slíkar vélar voru fyrir við sjö skóla. Rúmlega 7 millj. kr. var úthlutað í búnað í eldri skólum til jöfnunar, en það voru Foldaskóli, Réttarholtskóli og Öskjuhlíðarskóli.



Á árinu lauk sérstöku átaki við að byggja upp búnað skólahljómsveitanna samkvæmt þriggja ára áætlun frá árinu 2000.

Um 140 millj. kr. voru notaðar í kaup á tölvum og forritum. Haldið var áfram markvissri uppbyggingu tölvukosts skólanna samkvæmt fimm ára áætlun um tölvumál með kaupum á rúmlega 700 borðtölvum til skólanna og 60 fartölvum.



Tafla 4.28


Yfirlit yfir fjölda tölva í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2002

Skóli	Starfsfólk				Nemendur				Heildarfjöldi tölva	Fjöldi nemenda 1. okt 2002	Fjöldi nemenda um hverja tölvu 2002
	Mac	PC tölvur	PC-fistölvur	Alls tölur fyrir starfsfólk	Mac	PC-tölvur	PC-fistölvur	Alls nemendatölvur			
Austurbæjarskóli		51	3	54		44		44	98	611	13,9
Álftamýrarskóli		10		10		55	4	59	69	354	6,0
Árbæjarskóli		28	5	33		123	15	138	171	805	5,8
Ártúnsskóli		20	2	22		34		34	56	196	5,8
Borgaskóli		7	3	10		50		50	60	385	7,7
Breiðagerðisskóli		7		7		49		49	56	378	7,7
Breiðholtsskóli		11	2	13		81		81	94	615	7,6
